hann hraut fyrir borð¹ ok kom aldri upp síðan. Hárekr konungr [raknar nú við² ok varð at einum gelti ok greip til Herraudar með tönnunum ok reif af³ honum alla brynjuna⁴ ok festi tennrnar í [brjóstinu á honum⁵ ok reif af honum báðar 5 geirvörturnar niðr at⁶ beini, en hann hjó á móti á trýnit á⁷ geltinum ok tók af fyrir framan augun. Var Herraudr þá svó móðr, at hann fell á bak aptr, en galtinn trað hann undir fótum sér⁸, en gat eigi bitit, er af var trýnit. Þá kom at 10 glatunshundtik mikil⁹ á skipit ok hafði stórar vígtenn; hún reif gat¹⁰ á náranum á geltinum ok rakti þar út¹¹ þarmana ok hljóp fyrir borð, en Hárekr konungr¹² var þá í mannzliki ok steypiti sér fyrir borð eptir henni, ok sukku þau 15 til grunna ok kom hvórki upp síðan, ok¹³ þótti mönnum, sem þat¹⁴ mundi verit hafa Busla kelling, því hún sázt aldri síðan.

15. Bögu-Bósi er nú kominn upp á skip Hræreks ok barðizt alldrengiliga. Hann sá, hvar 20 faðir sinn¹⁵ flaut með borðinu mjök máttddreginn, stökk hann nú fyrir borð ok hjálpaði honum ok kom honum upp í skip sitt. Þá var Hrærekr

Z. 11 glatuns-] glatungs- D. Z. 17 sem] *am Rande nachgetragen* C. Z. 18 sázt] *satz* A.

¹ ok sökk til grunna *add.* D. ² tók nú at rakna við C. ³ af *fehlt* A. ⁴ bringuna C. ⁵ hans brjósti D. ⁶ af D. ⁷ *fehlt* BD. ⁸ *fehlt* D. ⁹ upp *add.* D. ¹⁰ rauf BCD. ¹¹ úr D. ¹² *fehlt* BCD. ¹³ *fehlt* BCD. ¹⁴ *fehlt* D. ¹⁵ hans D.

kominn á skipit ok hafði drepit margan mann. Bósi kom þá upp á skipit ok var mjök¹ móðr, en þó réðzt hann í móti Hræreki ok hjó í [skjöld hans² ok klauf hann allan niðr í gegnum ok af 5 honum fótinn í ristarliðnum, sverðit kom í vindásinn ok stökk sundr í miðju. Hrærekr³ hjó á móti, Bósi⁴ snerizt undan á hæli, sverðit slapp af hjálminum ok niðr á herðarnar ok reif af honum⁵ alla brynjuna ok fekk hann sár á⁶ herðablöðunum, ok gekk svó niðr um alt bakit, at⁷ öll⁸ klæðin rifnuðu af honum, svó at hann var nakinn allr eptir, ok af⁹ vinstra fæti hælbeinit. Bósi þreif upp [ás einn¹⁰, en Hrærekr [vildi þá¹¹ hlaupa fyrir borð; Bósi sló hann í sundr [við há- 15 stokkinum, svó at sér fell hvórr blutrinn¹². Var nú ok fallinn mestr hluti liðz þeirra, [en þeir þágu¹³ grið, sem eptir¹⁴ lifðu¹⁵. Þeir kanna nú lið sitt ok var eigi [eptir meir¹⁶ en C mannz

Z. 6 sundr] sun[dr A.

¹ þá ákaflega D. ² skjöldinn D. ³ Hárekr CD. ⁴ Bögu-Bósa; hann C. ⁵ Bósa D. ⁶ báðum *add.* D. ⁷ *fehlt* D. ⁸ *mit öll endet* B. ⁹ hinum *add.* bD, honum á [á *über der Zeile*] *add.* C. ¹⁰ vindaspikina bC [*die Angabe der FAS*, bC [*dort* CD] *habe vindaspikuna, wonach auch unter Verweisung auf unsere Stelle ein vindaspika sw. f. in Vigfússon figuriert, ist falsch*] vindásdökkuna D. ¹¹ ætlaði þá at D. ¹² við skipborðinu með öllum herklæðunum D. ¹³ buðu þeir þeim þá D. ¹⁴ *fehlt* bC. ¹⁵ vóru, ok urðu þeir glaðir við þat D. ¹⁶ betr D.

liðfært¹, ok² áttu þeir fóstbræðr³ nú miklum sigri at hrósa; skiptu menn⁴ nú herfangi, [en þeir vóru⁵ græddir, [sem græðandi vóru⁶.

16. Síðan bjugguzt þeir við brúðlaupum sínum [Herrauðr ok Bósi⁷, ok skorti nú eigi tilföng bæði 5 nóg ok góð, ok stóð veizlan mánuð⁸, ok vóru menn með virðuligum gjöfum á burt leystir. [Tók Herrauðr þá konungsnafn yfir öllum þeim rikjum⁹, sem faðir hans hafði stýrt¹⁰. Litlu síðar söfnuðu þeir liði ok fóru til Bjarmalandz, ok beiddi Bósi 10 sér þar viðtöku ok taldi þat til, at Edda ætti land alt eptir föður sinn, er nú var orðin eigin-kona hans¹¹, ok segizt hann svó helzt mega bæta landzmönnum þann mannskaða¹², sem þeir höfðu af honum fengit, at [vera konungr yfir þeim¹³ 15 ok styrkja þá með [lögum ok¹⁴ réttarbótum¹⁵, ok með því at þeir vóru höfðingjalausir, þá sá þeir [öngvan sinn kost vænna¹⁶, en taka hann sér¹⁷ til konungs¹⁸, var Edda þeim kunnig áðr at

Z. 4 bjugguzt] j *unter der Zeile* C. Z. 6 mánuð] mánun A. Z. 9 söfnuðu] saufnaud D.

¹ af öllum her þeirra fóstbræðra *add.* D. ² *fehlt* bCD. ³ *fehlt* D. ⁴ þeir D. ⁵ fóru síðan heim til borgar ok vóru [*hd Schr.* var] þá bundin sár manna ok D. ⁶ sem [urðu ok *add.* b] lífs var auðit bC, þeir sem þess varð auðit D. ⁷ *fehlt* D. ⁸ fullan *add.* D. ⁹ Var Herrauðr þá til konungs tekinn yfir öll þau ríki D. ¹⁰ haft ok stýrt b, átt D. ¹¹ Bögu-Bósa D. ¹² skaða CD. ¹³ hann væri konungr þeirra D. ¹⁴ góðum D. ¹⁵ landzrétti b. ¹⁶ eigi vænna D. ¹⁷ *fehlt* bD. ¹⁸ höfðingja yfir sik D.

öllum¹ góðum siðum; [gjörðizt Bósi nú konungr yfir Bjarmalandi². Hann átti son við frillu sinni, þeirri [er hann herti jarlinn hjá³; sá hét Sviði [hinn sókndjarfi⁴, hann var faðir Vilmundar
 5 viðutan. Bósi⁵ fór austr á Glæsisvöllu ok sætti þá Goðmund konung ok Herrauð⁶. Þau Hleiðr unnuzt mikit; þeirra dóttir var Þóra borgarhjörtr, er Ragnarr loðbrók átti. Svó [hefir sagt verit⁷, at í gammsegginu því, sem þeir sóttu til Bjarma-
 10 landz, [hafi fundizt yrmlingr⁸ sá, er gullzlitr var á, ok gaf Herrauðr konungr⁹ hann dóttur sinni í tannfé, en hún lét leggja gull undir hann, ok óx hann svó mikit, at hann lá í hring um skemmu hennar, ok varð svó grimmr, at engi¹⁰ þorði [nærri
 15 honum at koma¹¹ nema konungr¹² ok sá¹³, er honum¹⁴ færði mat; uxa gamlan þurfti ormrinn¹⁵ í mál, ok þótti hann¹⁶ en mesta meinvætr. Heitstrengdi Herrauðr konungr¹⁷ þess¹⁸, at gipta¹⁹ þeim einum manni Þóru dóttur sína, sem þyrði
 20 at ganga í skemmuna til máls við hana ok af réði

Z. 8 loðbrók] d *sehr dick*, *scheint Bssrg. aus* b. A.

¹ *fehlt* bCD. ² tók Bögu-Bósi síðan undir sik Bjarmaland ok gjörðizt konungr yfir D. ³ sem hann fann í skóginum D. ⁴ *fehlt* b. ⁵ Þá gjörðizt Bögu-Bósi höfðingi mikill; hann D. ⁶ fór þeim í Gautland ok gjörðizt mikill höfðingi *add.* D. ⁷ segir D. ⁸ fyndizt lyngormr D. ⁹ *fehlt* D. ¹⁰ maðr *add.* bCD. ¹¹ at koma í skemmuna D. ¹² konungsdóttir C, jarl D. ¹³ maðr *add.* bCD. ¹⁴ orminum D. ¹⁵ hann D. ¹⁶ vera *add.* C. ¹⁷ *fehlt* bD. ¹⁸ heit *add.* C. ¹⁹ hann skyldi þeim einum manni gipta D.

orminn; en þat þorði enginn fyrr [at gera¹, en til kom Ragnarr², son Sigurðar hrings; [sá Ragnarr var síðan kallaðr loðbrók³, [ok tók hann⁴ nafn⁵ af klæðum sínum⁶, er hann lét gjöra sér, þá er hann vann orminn, [ok lúkum⁷ vér [hér nú sögu 5 Bögu-Bósa⁸.

¹ *fehlt* D. ² loðbrók *add.* C. ³ *fehlt* C. ⁴ hann tók C. ⁵ þat nafn D. ⁶ þeim D. ⁷ Lyktum bC. ⁸ svó þessa sögu af Herraud konungi ok Bögu-Bósa, er ruddi sér til ríkis ok konungr varð á Bjarmalandi b. *Nach* Bögu-Bósa *add.* AC: ok signi þá [h (hún? hér?) C] seta Busla alla [þá *add.* C] sem hér [hafa til hlýtt A, til hafa hlýtt C] lesit ok skrifat. [A *fügt noch hinzu*: eðr hér nökkut til fengit eðr gott at gjört A-M-E-N.]

Die jüngere Bósa-Saga.

Sagan

af Bósa hinum sterka og Herraudi Hrólfsyni.

I. Þá Haraldur hilditönn rjeð Svíþjóð hinni köldu og Hrafnsteinn¹ svarti Russía, rjeð kóngur einn Gautlandi, sem Hrólfr hjet; hann var kominn af Hrólfi Íra kóngi; hann var mikill og sterkur og mesti kappi, einninn auðigur að fje, vinsæll 5 og veitingasamur við menn sína, en óvinum sínum ærið illur, galt grimmlega, væri honum á móti gjört, einninn þversinnaður, gildi öngvan því móti mæla, er kóngur vildi vera láta; hann var bróðir Haralds kóns hilditannar. Ingibjörg hjet drottn- 10 ing kóns, hún var hertugadóttir af Ungaríá, hún var fríð sýnum, vitur og vinsæl; tvo bræður átti hún, er hjetu Dagfari og Náttfari, þeir voru hirðmenn Haralds kóns hilditannar. Hrólfr kóngur hafði gott mannval, því kóngur ljet hvört 15 sumar í hernað halda 300 manna, og hjelt út jafnlega XX skipum. Yfir þetta lið setti kóngur einn mann, sem honum þjenti og fylgt hafði langa

Überschrift: Hier birst (Sagann . . .) a.

¹ *Die meisten Hss. schwanken im Verlaufe der Saga zwischen Hrafnkell und Hrafnsteinn; ß hat hier (und meist) Hrafnkell.*

tíma, bestur allra manna, sá hjet Brynþvari, góður riddari og hið mesta mannval til afis og allrar hreysti; hann hafði fyrir öngvum sinn hlut látið í neinum viðskiptum. Brynþvari var son Codus, 5 er fyrmeir fylgdi Victor og Bláus. Hann lá í viking hvört sumar með lið kónsins og hafði jafnan sigur í öllum orrustum, hjelt so heim til Gautlands að hausti með sín skip, öll hlaðin með gull og silfur og dýrleg klæði; af þessu varð 10 kóngur ærið auðugur, svo hann skorti aldrei gjald nje auðæfi, fólk að kaupa, nær hann vildi eður með þurfti; þetta gekk mörg sumur samt. Maður var einn með kóngi, sem Mando hjet, hann var listamaður mikill og töfrafullur; þessi var til allra 15 illskuverka hinn fljótasti. Einn son átti kóngur frilluborinn þann Sjóður hjet. Kóngur ljet kenna honum margar listir; af því hann átti ei börn, var honum mjög vel til hans.

II. Maður var einn í Russía, sem Úlfur hjet 20 og hjelt jallsdæmi; hann var bróðir Hrafnsteins svarta, illur, fullur grimmdar og ójafnaðar, væri í milt hóf við hann talað, so honum mislíka mætti; hann var kvongaður og átti dóttur eina, sem Brynhildur hjet. Úlfur jall varði land Hrafnsteins 25 bróður síns; hann hafði æ úti XXX skip til hernaðar hvört sumar og fór illa með hernaði, rændi mest bændur og kaupmenn, brenndi bæði lönd og staði; margur maður bar sig illa mjög um þennan yfirgang, og báðu honum allra ófara 30 fyrir þetta hið mikla rán, en urðu allt svo búið

hafa. Eitt sinn gjörði Úlfur jall innhlaup í Norð-
lappen, það land liggur nærri köldu Svíþjóð og
heyrði til Haraldi kóngi hilditönn; þar brenndi
hann 12 staði, rænti fje, en drap hvörn þann,
er móti stóð, og fjeck þar fyrir ærið góts í gulli 5
og allskyns dýrgripum, síðan sneri hann aptur
heim til Rússía og settist um kyrt. Síðan voru
kóngi¹ Haraldi sögð þessi tíðindi og báðu bændur,
að kóngur hefndi á Úlfi rán þetta. Sem hann
þetta heyrði, sendi hann skjótt menn ok skip 10
til Rússía með brjef til Hrafnsteins og bað hann
bóta á þessu. Hjeldu menn kóngrs nú leið sína
og hittu Hrafnstein, berandi honum þessi brjef;
og sem hann hafði þau lesið, varð hann ærið
reiður, og sagði þess öngva von, að hann þetta 15
neinn bætti, annað en kóngur mundi so búið
hafa. Sendimenn gengu í burt sína leið, stjeu
á skip og sigldu heim í Svíþjóð og sögðu sín
erindislok. Þetta mislikaði kóngi, og var jafnan
stór óvild og fjandskapur milli þeirra Hrafnsteins 20
og Haralds, so lengi þeir lifðu, gjörðu þar hvorir
öðrum hinn mesta mannskaða á sjó og landi.
Nú er að segja af Úlfi jalli, að hann sat í sínu
riki, og sem dóttir hans tók að vaxa, vildi hann
láta mennta hana, með því jall var ærið ríkur 25
og átti engin börn önnur; var það sem ógjört,
hvörsu lengi sem Brynhildur var að námi, fór
það æ þess ver og allt ærið bögulega, so engin

¹ kóng *hdchr.*

mynd þótti á vera, gat hún öngva list þá lært, sem kvennmann mátti prýða, hvorki á munn nje hönd, og því var hún kölluð Brynhildur бага. Nú sem faðir hennar fjekk slíkt að vita, ljet 5 hann kenna henni allan riddaraskap og stríðs-aðferð, og lá það allt ljóst og brýnt fyrir henni, so hún fjekk það á skömmum tíma útlært; var hún svo fim til allra íþróttu sem þeir vöskustu kappar, einninn harðfeng og röm að afli og öllum 10 kallmannsburðum, svo þeir vildustu frægðarmenn sátu öngvir í söðli fyrir henni. Kom svo, að hún bað föður sinn ljá sjer menn og skip og kvaðst vilja í hernað halda; var jallinn þessa fús og gaf henni¹ þrjú skip með vöskum mönnum vel búin, 15 einninn gaf hann henni öll herklæði með sverði, sem engin járn kunnu að bíta. Hjelt Brynhildur nú í hernað og lá í víking 3 sumur samt, eyddi og drap, hvar hún kom, á sjó og landi; höfðu fæstir þrótt eður þrek móti að standa ofsa hennar, 20 og hafði nú fengið 12 skip og hugði nú að halda heim með þennan auð, er hún hafði saman dregið. Siglir nú sína leið allt að Gautlandi, tóku höfn við annes eitt, og gekk Brynhildur þar á land og bað menn sína upp brenna og öngu þyrma; 25 ræmir nú mjög landið að [fje kviku og dauðu, föstu og lausu²; drápu nú menn og brenndu það, er þeir kunnu ei með að komast; sendu því bændur skjótt orð³ Hrólfi kóngi, að hann sem

¹ hann *durchstrichen*, *darüber* henni *hds.* ² *So mit* 7ð; fjenaði og dauðu, kviku og föstu *af.* ³ *hds.* orde.

fljótast þangað sendi og ræki úr landi þennan óvildarflokk. Sem kóngur slíkt heyrði, sendi hann Brynþvara með 10000 manna og bað hann foreyða þessum víkingum eður á burt reka; bjóst hann fljótt þessa för með sínu stríðsfólki og ljetti 5 ei fyr en þar, sem Brynhildur var með sínum mönnum að ræna.

III. Nú skal fyrst frá því skýra, sem Brynþvari hittir þessa víkinga, bað sína menn búast fljótt til rómu; var það staðfest og sáu nú hvorir 10 aðra og sló nú í bardaga. Stóð þessi róma dag allan til kvölds, þar til Brynþvari drap alla þessa óþjóð niður, svo enginn stóð eptir; en að Brynhildi ljet hann bera skjöldu og handtaka hana, og sendi síðan til skipa, ljet alla niður höggva 15 er á voru skipunum, sneri síðan til kóngs og færði honum Brynhildi fangna. Sem kóngur sá Brynhildi, spurði hann, hvort hún vildi líf þiggja, en hún gaf kóngi eigi svar; var hún með kóngi 3 vikur næstu. Síðan hjelt kóngur ráðstefnu, hvað 20 til skyldi gjöra. Bauð kóngur Brynhildi líf með þeim skilmála, að hún bætti honum skaða þann, er hún hafði gjöra látið, en hún var ærið treg að lofa. Síðan mælti Brynþvari og bað kóng að gefa sjer til eignar Brynhildi, ef þess væri kostur 25 með hennar ljúfum vilja. Kóngur bar þetta mál fyrir hana; gaf hún aptur þetta svar og kvaðst því heitið hafa, að eiga þann einn, sem sig riði úr söðli, og kvaðst þann skilmála enn halda mundi, með því móti, hún væri laus látin, ef hún 30

- sigraði Brynþvara í útreiðinni. Kóngur sagði so skyldi standa, lofaði Brynhildi¹ þetta að halda og ljet fá henni hest vel duganlegan til útreiðar með reiða og burstöng; herklæddi hún nú sig sínum
- 5 hertygjum og reið nú út við Brynþvara. Kóngur stóð í turni og allur borgarlýður og horfði á leik þeirra. Reið nú hvort öðru í móti, og hjeldu sínum stöngum til lags, lagði hvort til annars af öllu affi, kom hvorki öðru af hesti, fór so 3 reisar.
- 10 Síðan mælti Brynhildur og brosti við: Vert þú nú viðbúinn, því nú mun eg freista þín. Brynþvari mælti og kvaðst löngu búinn. Ríða nú saman í fjórða sinn og lagði nú hvort til annars. Þeirra samkoma varð nú svo hörð, að allt þótti
- 15 undir titra af æðigangi hestanna, dró nú hvorki neitt af sinni orku; slitnaði nú södulgjörðin Brynhildar, en hesturinn settist niður til jarðar, svo hún barst aptur úr sínum söðli og kom standandi niður, roðnaði nú mjög við og brá sínu sverði.
- 20 Brynþvari stökk úr sínum söðli, gekk í móti henni ok hjuggust nú í stórri ákefð, svo hvorki vildi af láta, þó kom svo, að Brynhildur hopaði heldur á hæl og tók að mæðast. Brynþvari var því lystugri til sóknar, er hann þreytti lengur; ljet
- 25 kóngur menn ganga á milli þeirra með skjöldu og bað þau hætta; var síðan Brynhildur leidd fyrir kóng. Kóngur mælti hún væri yfir unnin, en hún kvað meir sínum hesti að kenna en frægð

¹ *In Abbr.; der Context verlangt den Dativ.*

Brynþvara. Kóngur kvað hún skyldi orð halda við Brynþvara og sagði, hún skyldi sínum úrskurð hlýða verða um þetta efni; hún bað kóng því ráða, þó með því móti, að faðir sinn væri aðspurður, og sagt, hvörsu farið hefði. Tók kóngur það ráð, að senda menn til jallsins og gjöra honum kunnugt, hvöruinn hún væri yfir unnin. Ljet kóngur nú kalla fyrir sig Mando og bað hann skyldi inna Úlfi um efni dóttur sinnar og biðja hann bóta fyrir það mikla rán, sem Brynhildur gjört 10 hafði á Gautlandi. Mando mælti og sagði þessa ferð hættusama og kóng senda sig í vandræði og sturlu. Kóngur mælti: Þú skalt fara jalli mín brjef og boð um þetta, hvort það er samþykki eða óvili, og flýtt þú boðskap þessum án 15 bleyði og hræðslu og sjá þú mig aldrei fyr augum þínum, en þú hefur þetta yfir staðið, og tak eitt mitt skip með 100 manna og gá þú grannt að andsvörum jallsins. Sá Mando, kóngur mundi ráða verða, gekk á burt úr höllinni og 20 bjóst nú sem fljótast, stjæg nú á skip; sigldu nú allt undir Russía; hjelt á hafnir nærri ríki jallsins og bjó nú um skipið; þar leit hann liggja á höfnum 30 skip. Síðan gekk Mando á land við hinn 12. mann, en bað hina vera búna við, nær 25 hann aptur kæmi. Gekk Mando í borg og bað, hann mætti ganga fyrir jallinn; honum var sagt, að hann væri að máltíð og hann mætti inn ganga. Gekk Mando nú í höllina og kvaddi Úlf jall, en jallinn spurði einskis og enginn manna yrti á þá 30

orði neinu. Síðan mælti Mando: Hrólfur, kóngur Gauta, hefur oss hingað sent að inna þjer, að dóttir þín Brynhildur бага hefur brennt hans staði og kaupþún, drepið hans menn og rænt
5 gótsi: því biður hann þig bóta á slíku; einninn er hún þar hertekin og af hans besta manni Brynþvara úr söðli riðin, einninn hefur hún honum játaст og kvað hún, þú mundir þetta samþykkja, einninn hef eg og þjer brjef kóngsins Hrólfs að
10 færa; og tók nú Mando brjefið og vildi rjetta í hönd jallsins. En sem jall þetta heyrði, varð hann ærið reiður og mælti: Þú hin leiðasta geit og grey allra greyja dirfðist mjer slíkan boðskap að bera? Auk heldur eg gjaldi þínum herra
15 batur, vil eg drepa hann, og allt Gautland með eldi brenna, og skaltu ei bera hans boð optar; greip jallinn könnu og snaraði af hendi og hraut hún á gólf niður, en Mando vjek sjer undan; jall bað drepa hann og alla hans fylgjara, svo
20 enginn á burt kæmist, og kvað Hrólf þess aldrei hefna mundi og öngvan hans niðja. Gengu sendimenn fljótt af höllinni með felmtri¹ stórum, en jallinn var með grimmum hljóðum og skipaði mönnum sínum að elta þá og láta öngvan hjá
25 sleppa. Sendimenn flýttu nú ferð sinni til skipa, og þóttust fótum eiga fjör að launa; ljet Mando segl upp vinda. Á meðan þeir eru að þessu, kemur her óflýjandi eptir þeim á 12 skipum.

¹ feltri *hdschr.*

Sá Mando nú dauða visan og ljet nú herða allan
 reiða, en byr var lífill og komu nú önnur 6 skipin
 í veg fyrir Mando, svo hann varð að halda það
 best gekk undir Svíaríki, og voru nú sín 6 skip
 honum til hvorrar handar; og sem hann kemur 5
 nær landi, sjer hann þar liggja 60 skip á höfnum¹,
 og einn mikill dreki út lengst, allur stáli sleginn.
 Maður stóð einn á drekanum, Mando kvaddi hann
 og spurði að nafni; hann kvaðst Áki heita, stríðs-
 maður Haralds kóngs hilditannar. Mando innir 10
 honum, hvaðan hann sendur væri, og bað hann
 um ásjá, og sem Áki vissi, að hann var maður
 Hrólfs² Gauta kóngs, bauð hann skjótt að gefa
 honum rúm að hafna sig í gegnum sinn skipaher,
 en bauð sínum mönnum að búast til rómu og 15
 leggja að skipum Úlfs jalls; er nú þjark mikið
 á skipunum, og sem skip jallsins komust í færi,
 hófst snarpleg orrusta með höggum og skotum,
 er hvorir báru á aðra; lauk svo að³ allir menn
 jallsins fjellu þar, so enginn komst undan. Tók 20
 Áki allt það herfang er á var skipunum og ljet
 á land flytja, en Mando varð við harla glaður
 og kvaddi Áka og hjelt sína leið heim til Gaut-
 lands, gekk nú á land og hitti kóng og segir
 honum allt af ferðum sínum. Kóngur brá illa 25
 við slíkt og kvað Úlf hinn vesta gridniðing, er
 hann gaf ei grid sendimönnum, og kvað, Bryn-
 þvari skyldi samt eiga hans dóttur. Ljet nú

¹ *der m-Strich über u kaum sichtbar.* ² kóngs
add. u. ³ *fehlt u.*

kóngur búast við brúðkaupi og bauð til öllum sínum vinum. Tilskildi Brynhildur, að hún vildi í öllum sínum herskrúða á brúðkaupsbekk sitja, einninn með skjöld og sverð; þetta ljét kóngur 5 svo vera. Sat nú Brynhildur í sinni brynju með hjálm og sverð og skjöld; öllum þótti hún stórmannleg í soddenn búningi; var hún síðan fest af Brynþvara og síðan brúðkaup drukkið, og að því enduðu gaf kóngur Brynþvara ærið tje og 10 gjörði hann að jalli, og voru þeir vinir jafnan alla æfi sína, so lengi þeir lifðu.

IV. En sem Sjóður kóngsson gjörðist vaxinn, var hann ærið ágjarn og tjeskyggu og kom æ þar fram, sem öllum mundi miður líka, en var 15 þó mannskæða¹ til allra hluta; kom svo að kóngur gjörði hann skattahöfðingja og gaf honum vopu og klæði og var vel til hans. Hafði hann æ tvo penninga fyrir einn og stundum meir. Allir báðu honum ills, en enginn góðs; fyrir þetta 20 safnaði hann svo gulli og auðæfum, að undrum þótti gegna, svo að allar hirðslur voru fullar. Fór so fram um nokkra tíma, að kóngi þótti ei ráð vera nema þar Sjóður var. En sem Sjóður var 18 ára, átti drottning son, þann ljét kóngur 25 kalla Herrauð, og ólst hann nú upp þar til hann var settur til náms, var honum flest í augum uppi, allar bóklegar listir að læra; síðan ljét kóngur kenna honum allar riddaralistir og stríðs-

¹ *neuisl.*; = *älter* mannskæfa.

aðferð, einninn skot og sund og skíðaferð; nam kóngsson fjótt listir þær allar, sem kallmann prýða mátti, og sem hann var 14 vetra, var hann í öllum hlutum algjörður, þar með vænstur manna að álit; hans hár var sem hið skærasta gull 5 og þurfti hann að láta það eitt sinn í hvörjum mánuði skera, því hann hafði annars af því þunga stóran. Engin kona var sú á Gautlandi, að eilíti girndaraugum til hans, hvort hún var gipt eður ógipt; en so kom hann sjer vel, að¹ allir 10 óskuðu honum góðs og lofuðu hann; því kóngsson var örlátur við menn sína. Drottning unni honum mikið, en kóngur gaf sjer fátt um hann. Á þessum sama tíma átti Brynþvari son og þau Brynhildur, þann ljetu þau Bósa heita; hann var hinn efni- 15 legasti, þó dökkur á hár og skinn, stórskorinn og loðinbrýndur, herðabreiður og hrokkinhærður; hann var jafnaldri Herraudar kóngssonar. Sú kona fóstraði Bósa, sem Busla hjet; hún var kunnáttusöm og kunni marga kyngileika, einninn gat hún með 20 skæðum tungukrapti lagt á menn firn og fjandskap, ef það vildi frammi hafa. Þessi fóstraði son jalls og kenndi honum margar listir. Bósi gjörðist snemma bráðproskaður og einninn ódæll og illskiptinn í öllum leikum, því hann var ramur 25 að afli; hann var mjög gráleikinn við menn föður síns og ljek marga lítt út, urðu þó svo búið hafa; og sem hann var 14 vetra, vissi enginn maður

¹ mit *Þ*ð *hinzugefügt*; *fehlt a.*

hvað mikið af hans var, því honum vannst allt, er hann vildi afs' neyta. Einn dag mælti Bósi til fóstru sinnar: Nú mun eg í dag ganga heim í ríki og hitta kóngsson og reyna mig við hann
5 og menn kóns. Busla mælti: gjör þú sem þjer sýnist, en væg þú í öllum viðskiptum við Herraud og sjá til, hann gremist þjer eigi, því af honum muntu helst giptu hljóta allra manna, og gæt þú vel að þessu; en hinum gjör sem þjer sýnist.
10 Bósi sagði svo vera skyldi; gekk nú sína leið þar til hann finnur kóngsson; og sem þeir fundust, vildi Herraudur reyna listir við Bósa, og reyndu allar listir, var ei munur stór millum þeirra, nema Bósi þótti að afli ramari²; og síðan dvaldist Bósi
15 með kóngssyni og varð með þeim allkært. Nú sem leikar voru framdir í staðnum, gekk Bósi til leika og var mjög illur í viðskiptum kóns mönnum, því á sumum braut hann hendur, en á sumum fætur, suma braut hann úr hálsliði, en hina
20 aðra limlesti hann, einninn reif hann burt einn þeirra og kreisti, svo augu út gengu; af þessu varð hann illa ræmdur og af mörgum lastaður. Kóngsson mælti mjög eptir honum þetta og kvað ei saka, en sem Sjóður slíkt vissi, bað hann föður
25 sinn straffa Bósa eður burt reka, og sagði bróður³ sinn vera honum skálkaskjól, en kóngur ljet sem hann ei heyrði og gaf sjer fátt um. Varð nú hlje á nokkra stund um þetta, so ei var Bósi við leika;

¹ alfs *hdschr.* ² so mit þγð; ramur α. ³ bróðir *hdschr.*

kom svo enn, að Bósi gekk til leika aptur, fór nú enn sem fyr, að 5 láu eptir dauðir, en 4 handbrotnir; varð kóngur nú reiður og bað Bósa á burt verða og gjöra ei mein mönnum sínum og bað Herraud son sinn ei hylla hann til strákskapar 5 meir til móts við sig; ljet kóngsson sem hann ei slíkt heyrði og var Bósi samt með kóngssyni. Liðu nú enn tímar svo ei var til frjetta. Einn dag, sem kóngur reið á dýraveiði, voru leikar framdir; gekk kóngsson til leiks sem og Bósi, og sem menn 10 kóngs litu Bósa, var öngum mikið um hann og vildu veitast að honum, svo Bósi varð ofleiksa af mönnum kóngs, en Herraudur bað þá stillast og bað Bósa óttast kónginn föður sinn; var þá hætt leiki og gekk Herraudur í höll, en Bósi var 15 úti við hallardyr; sjer hann hvar menn kóngs fremja leik, gengur skjótt þangað og hyggur rjetta hluta sinn á þeim; en sem þeir sáu Bósa, veittust þeir að honum ærið margir, en Bósi varð við þeim frækilega og þótti nú næsta kalt gaman hans¹, 20 þvíað um kvöldið láu 15 dauðir en 10 lamaðir. Bósi innir Herraud hvörsu til gekk, Herraudur ljet illa yfir slíku og bað Bósa í burt verða um stundar sakir heim til föður síns, þar til reiði kóngs dvinaði. Gjörði nú Bósi að orðum kóngs- 25 sonar og hitti föður sinn og sagði honum sem það var skjæð um víg þessi á kóngs mönnum. Jall gaf honum stórar ávítur fyrir slíkt og kvað

¹ hennar *hdschr.*

honum búið við hættu, ef kóngur gremdist honum, og kvað ei mundu auðsókt að stilla geð kóngrs, ef hann reiður yrði, en ljest þó ei mundi hann vilja hylla í slíkum málum kóngrí til óvildar
5 vegna vináttu þeirra.

V. Nú sem Hrólfur kóngur spyr slíkt, taldi Sjóður svo um fyrir honum, að Bósi var útlægur gjörður af öllum hans ríkjum, annars dauðamaður, hvar hann þar væri, so hann kynni að nást. Hjelt
10 Sjóður spurnum fyrir Bósa, hvort hann væri á sjó eður landi, kunni enginn maður þetta að greina; kvað Sjóður fara best, að leitað væri um allt landið, so hann kynni þar ei hyllast af
15 neinum, þó taldist það úr. Jafnan fór Sjóð mjög fram um ágirnd og kúgan, er hann veitti ýmsum mönnum á Gautlandi, vogaði enginn annað að halda en allt sem hann bauð, ríkur og fátækur, ungr sem gamall, annars var dauði vís eður upphlaup, óttuðust meir kónginn föður hans að
20 þessu en hann. Eitt sinn gekk Herraður í höll, er kóngur sat að máltíð og bað föður sinn ljá sjer skip og menn til hernaðar að sumri næsta og kvað sjer leiðast lengur heima liggja sem mærl til kosta. Kóngur mælti: hvörsu mörg skip eður
25 menn viltu úr landi hafa? Kóngsson mælti: eg vil hafa 5 skip og umfram dreka hinn sjötta og 800 manna. Bar kóngur þetta fyrir Sjóð, að bróðir hans vildi úr landi halda. Sjóður kvað slíkt mikið kosta, og er nógr, hann hefur 2 skip
30 og 300 manna. Kóngur mælti: lát nú so vera

og gjör sem hann gírnist, því hann mun þykjast ráða mega so vel sem þú því hann æskja vill. Ljet nú Sjóður þetta til, en var þó í öngu greiður í útlátunum. Fjekk kóngsson 5 skip og dreka svo góðan, að valla þótti betra skip á Norður- 5 löndum; vildi kóngsson honum sjálfur stýra og valdi á hann það hraustasta liðið; og sem kóngsson er albuinn, gekk hann í höll og kvaddi kónginn, föður sinn, og ljet svo í haf. Og sem þeir sigldu nú einn dag með hömrum stórum, var byr eptir, 10 svo söng í hvörju bandi, en sjór var svo knappur, að hann gekk allt á þiljur; sjá þeir nú standa mann á berginu á lengdar, þessi kallaði til kóngssonar snjöllu máli, þar eð hann stóð við siglu á drekanum, og bað hann ljá sjer far. Kóngsson 15 mælti aptur einarðlega: Hvör sem þú ert, þá er þjer far til reiðu, kunnir þú að komast til vor nú strax þaðan þú stendur, svo ei skerði sigling fyrir oss nje hepti rás á drekanum. Rann nú skipið af æði, og sem þeir eru komnir jafngegt 20 þessum manni, hleypur hann fram á bergið og síðan fram af berginu og nær nú um stýrið og hjelt sjer þar í 3 ólög, sem gengu allt í miðja siglu, og sem lagið¹ fjell, bauð kóngsson að gá að þeim komna manni, og sem þeir að hyggja, 25 sjá þeir, þar er kominn Bósi hinn frækni. Ljet kóngsson draga hann á drekann og varð hinn mesti fagnaðarfundur. Síðan mælti kóngsson:

¹ lægið (*phonetische Schreibung*) hdschr.

Bósa-Saga.

Fyrir þessa frægð þína, þá skaltu fylgja mjer og vera stafnbúi minn á drekanum í öllum mannraunum. Bósi mælti og kvað svo vera skyldi. Sigldi nú kóngsson í hernað um sumarið og hafði 5 í öllum mannraunum sigur, því þar Bósi gekk fram, fjellu 12 menn í höggi hvörju. Leið nú sumar að hausti og hyggja nú aptur heim að halda. Nú skal inna af Sjóð, og sem Bósi og Herrauður sigldu af landi, reið Sjóður um land 10 og tók saman gjald kóngs, gjörði nú enn sem fyr, að hann hafði meir af öllum mönnum en til stóð; og kemur nú til Brynþvara og kvað¹, hann skyldi bæta fyrir víg Bósa, sonar síns, ella skyldi hann brenna ríki hans². Brynþvari mælti og 15 kvaðst meir óttast kóng en hót hans, en Sjóður var því ákafari, svo jall þóttist sjá víst upphlaup og mannskaða, og fjekk Sjóði gullkistur 2 með því móti, að Bósi hjeldi landsvist; en Sjóður sagði hann skyldi öngva von eiga landsvistar, 20 nema hann fengi aðrar tvær. Brynþvari sagði þess öngva von, og skildu með óvináttu. Hjelt nú Sjóður heim og innti ei neitt föður sínum af þessu, ljet nú búa til skip 6 að tölu og ljest vilja í hernað halda; gekk nú og segir föður 25 sínum, að hann vildi í hernað. Kóngur bað hann þessu ráða; kvaddi nú föður sinn og stje á skip. Ljetu nú í haf; tók nú Sjóður að herja og fór

¹ so mit γδ; kvaddi αβ. ² aus einem unleserlichen Worte (föður?) verbessert, nach hans ein durchstrichenenes síns. hdschr.

illa með sínum hernaði, ávalt rænti hann mest bændur og kaupmenn, gjörði strandhögg í lönd manna við anunes og eyrar; fjekk nú flokk mikinn illþýðis, þó öngva menn vaska, heldur lyddur og leiða þræla; kom nú so að hann fjekk 16 skip 5 öll hlaðin af góðum gripum, gulli og clenodium.

VI. Nú skal inna af Herraud og Bósa, þar þeir eru að herja, höfðu þeir fengið 30 skip og margan vaskan mann, því þeir fjellu yfir alla víkinga og óþjóð, svo öngvir fundust eptir standa, 10 er á þeirra leið voru. Metnuðust nú mjög af þessu og hjeldu spurnum, hvar mestir víkingar voru í veröldu, og fengu þó öngva þá upp spurt, er þeim þótti frægð að sigra. Eitt sinn komu þeir við land hjá Bálagarðssíðu hinni austari 15 og hjeldu skipum sínum á eina góða höfn. Síðan mælti kóngsson: Hjer skal eg á land ganga, Bósi einn skal mjer fylgja allra minna manna, en þjer biðið hjer þar til við aptur komum. Síðan gengu þeir á land upp Herraudur og Bósi og könnuðu 20 landið; gengu nú þar til þeir fundu húsabæ lítinn í skóginum, maður stóð úti og var að kljúfa skíð. Herraudur spyr þennan mann að heiti, en hann kveðst Gyrðir heita, og byggi eg bæ þennan, eður hvörir eru þessir hinir miklu *menn*¹, er við 25 mig ræða? En þeir sögðu honum allt hið rjetta þar af. Síðan mælti Gyrðir til Bósa: Brynþvari, faðir þinn, er minn bróðir, og vertu vel kominn

¹ *fehlt a.*

til greiða, því við erum báðir synir Codus¹, þó eg sje laungetinn, því faðir minn átti mig við einni ekkju eitt sinn, er hann var í hernaði, og hef eg síðan hjer dvalist. Kóngsson mælti: Visa
5 mjer þá víkinga sem okkur væri frægð að sigra, því þú munt hafa nokkuð af föður þínum Codus og vera vís sem hann. Gyrðir² leit í gaupnir³ sjer og þagði um stund og mælti síðan: Hvort eru þið svo miklir, að þið finnið öngvan nje
10 fáíð þann, sem ykkur kann fullnægja að frægð? Bósi mælti og sagði það svo vera; Gyrðir tók að hlæja og mælti: Miklir eru þið þá, því enginn hefur sá⁴ enn fundist, og ekki sterki Ector⁵; en þó eg segi ykkur til þeirra, er eg veit nú vera
15 mesta í heimi, er óvíst, hvort ykkur stendur gagn af annað en fjemissir, rán og dauði, og væri þar betur ykkar vegna ótalað. Þá kóngsson og Bósi slíkt heyrðu, hlóu þeir ærið hátt og kváðu Gyrði vera blaudan og huglausan, og kvádust standast,
20 þó hann nefndi hina miklu. Gyrðir mælti og kvadst aldri í bardaga verið hafa um alla daga sína, em eg þó nær 80 ára gamall. Síðan mælti hann: Mætti frægð ykkar aukast, þá vil eg þetta greina. Tvo bræður veit eg, heitir annar Surtur,
25 en annar Sámur; þeir eru undan sólarbruna með óþjóð blámanna og berserkja, svo valla veit eg þeirra tölu; á hvorugan þeirra bíta járn bræðra, einninn eru þeir hinar mestu hamhleypur, í öllum

¹ so αβ; Codrus γδ (*immer*). ² mælti *add. a.*
³ gupnir *hdschr.* ⁴ so mit ζγδ; hann α. ⁵ Hector ζγδ.

viðskiptum linir vestu og grimmustu. Herraður mælti: Þess strengi eg heit, að ganga mót Surt eður dauður liggja. Bósi mælti: Eg skal ganga í mót Sám og lauga mitt sverð í blóði blámana. Gyrðir mælti og brosti: Þó þið væruð allir gjörðir 5 af stáli, mundi þið nóg hafa að mæta þeim og kyngjum þeirra. Kóngsson mælti: Hvört er þeirra leið að leita? En Gyrðir sagði það allskammt þaðan, því þeir liggja nú hjer við Bálagarðs-síðu til útnordurs með 31 skip; ærið mikill auður 10 er þar saman kominn, því þeir hafa rænt á sjó og landi nær og fjær um allan austurpart¹ veraldar. Síðan vildi kóngsson á burt ganga, en Gyrðir bað þá ganga til húsa; gengu nú allir í bæinn. Bóndi gaf þeim öl og mat og spurði, hvort þeim 15 væri það alhuga, að gefa sig í tæri við þá bræður; þeir sögðu það satt vera og báðu bónda nokkur ráð til leggja á með þeim um þetta. Síðan lauk hann upp kistu einni og tók þar upp kufi einn og skyrtu og mælti síðan: Þá 20 gripi gaf mjer faðir minn Codus; tak þú þennan kufi, kóngsson, og klæð þig með honum og muntu frí fyrir eitri og öllum kyngjum, einninn mun þig ekkert sverð bita; þessum kufli var Victor klæddur, nær hann vann Fal; en Bósi skryddi sig skyrtunni, 25 hana bar Bláus, nær hann gekk mót Sóta. Tók nú kóngsson kuffinn og skryddi sig, en Suðranaut í hönd, en Bósi skyrtuna. Gyrðir bað þá aptur skila²,

¹ austrap. *hs.* ² *scil.* gripunum, *was* γδ *zufügen.*

ef þeim yrði sigurs auðið; þeir þökkudu þetta og hjetu að finna bónda aptur, ef auðið yrði, kvöddu síðan og gengu leið sína; en sem þeir höfðu litla stund gengið, kallar Gyrðir og bað, 5 þeir nemi staðar, og mælti: Feiglega flasi þið að þessu, uggir mig, að þið munuð ekki hafa viðtöku að mæta þeim bræðrum; því gangið með mjer og finnið Lit föstra minn og fáum fylgi hans. Gengu nú allir samt þar til þeir 10 fundu einn stein; Gyrðir skelldi sprota á steininn, maður kom út lágvaxinn, Gyrðir heilsar honum allblítt og hvor þeirra öðrum; Gyrðir mælti: Einn kóngsson er hjer kominn af Gautlandi, hann er afbragð allra manna, sem þú sjá mátt, 15 en annar bróðurson minn og föstbróðir kóngssonar, hafa þeir sókt þig að ráðum, því þeim er heitstrenging á hendi við þá bræður Surt og Sám; er nú og nógur auður að gefa þjer, so þú skalt fullsæll verða og öll þín börn. Dverg- 20 ur mælti: Veistu það, Gyrðir, að aldri kom eg í orrustu, en fyrir orð þín vil eg sjá til, ef þeim verður ráðafátt, og skalt þú, kóngsson, kalla á mig, nær þú vilt og með þarft. Síðan tók Herraður sjóð einn og bað, dvergurinn 25 eiga skyldi, en hann tók við glaðlega og mælti: Dugi ei mitt fylgi, þá skal dyrgja mín koma í leikinn og mun ei auðsókt, ef ei nægir. Gengu þeir kóngsson og Bósi til skipa sinna, en Gyrðir heim á bæ sinn. Síðan bauð kóngsson mönnum 30 sínum að búast við og leysa sín skip og sigla

nokkuð austur með landi; var nú svo gjört, og er þeir komu fyrir eitt nes, þar gekk fjörður inn, þar sjá þeir liggja 31 skip með einum dreka öllum stálslegnum; herbúdir stóðu þar á landi svartar og stórar, þó var eitt tjaldið stærst 5 allra. Herraður bað nú sína menn búa um skip, en hann kvaðst vilja ganga til búða þeirra bræðra við 12. mann¹, var þetta gjört skjótlega, síðan tjöld reist, og búast við sem henta þótti, en Herraður og Bósi gengu til fundar við þá 10 bræður. Sem þeir komu til tjalda, gengu fyrst að því mikla tjaldi, sjá þeir, það er alskipað mönnum allt að dyrum báðumegin, mátti þar sjá margan svartan og stórmannlegan blámann, en þeir bræður Surtur og Sámur sátu við gafi 15 í háseti. Herraður gekk inn og mælti: Hjer hef eg sjeð leiðasta þræla saman komna í þessu tjaldi, sem öngri gæfu stýra munu, heldur óhappi og smán, og munu þetta vera hinir leiðu þýjar-synir Surtur og Sámur, nafnfrægir að öllum 20 illskuverkum, og býð eg ykkur bardaga strax að morni sem vígljóst er, því þið hafið nógu lengi ríkt og rænt ýmsar þjóðir og mun það ei lengur vera, því að morni munu² ykkur vargar spenna. En sem þeir bræður heyrdu orð kóngs- 25 sonar, bystu þeir sig og bitu í skildi með hlátri og hljóðum og sögðu þetta vera hið mesta feigðarfleipur, að nokkrir menn voguðu svo

¹ oder menn? die Abbrev. zweideutig. ² mun hs.

dristuglega til orrustu bjóða. Surtur mælti: Segið
ykkar heiti, áður vjer reynum með oss. Bósi
mælti: Þú hinn svarti hundur þarft ei nöfn
okkar vita, því þig varðar lítið um það, því þú
5 skalt fyrir vopnum hníga, áður vjer skiljum þennan
fund. Gekk nú kóngsson og Bósi til manna
sinna og sváfu af um nóttina; en að morni
bjuggust hvorutveggju, og gengu þeir bræður
frá sínum tjöldum með óþjóð blámanna og ber-
10 serkja — sá hjet Braskon, sem merki bar þeirra
bræðra, hann reið einum stórum fil sem jötunn —
þeir Bósi og Herraður í annan stað; sigu saman
fylkingar, hófst nú snarpleg orrusta, so ei þurfti
bíða. Blámennum gengu fram og skóku sínar járn-
15 kylfur, Bósi gekk fast fram og rauf fylking
þeirra bræðra, hafði nú optast 12 í höggi;
Herraður kóngsson hjó berserki ótt og títt og
hafði 9 í höggi. Óðu nú so í gegnum lið, að
allir tóku hrökkva, allt fram að merki. Sem
20 Braskon merkismaður sjer þetta, höggur hann
til Herraðar og klauf allan skjöldinn að endi-
löngu og höfuð af hestinum. Hljóp Herraður
úr söðli og hjó til Braskon og af höndina hægri
í obogabót¹, fjell merki í gras niður, hleypti
25 nú undan sem mest mátti, hrópanði hárrí röddu
á Surt og kvað merki vera fallið. Surtur mælti
og kvaðst þess á kóngssyni hefna skyldi. Tók
nú Surtur að hamast og sló nú liðið til beggja

¹ obogabót *hdschr.*

handa, so enginn kúnni í mót að standa, því hvör sem hans járnsþengdi ás til náði, var æ til dauða kjörinn. Sámur bróðir hans gjörði og hinn mesta mannskaða með sinni kylfu, drap hann 12 og 14 í hvörju sínu höggi, so liðið 5 fjell á stuttum fresti niður í valinn, svo allir hrukku, sem eptir voru; var nú búíð við flóttu. Síðan mælti kóngsson til Bósa: Ekki er hjer við mennska menn að eiga, og munu við skjótt sigraðir af þessum óvinum, ef þanninn gengur lengi, 10 því vildi eg, að dvergurinn Litur kæmi nú, ef hann vill ei tryggrofi heita um lofun sína við okkur. Bósi mælti: Látu við þá kaupa nógu dýrt fjör okkar, og skal enn margur hníga af þessum bikkjasonum. Herraudur kvað hann drengi- 15 lega mæla, og var nú mikið mannfali, því Bósi ólmaðist nú so mikillega og hjó svo ótt niður blámenn, að öllum þótti undrum gegna, fjell nú svo lið, að ei var eptir með kóngssyni meir en 300 manna. Síðan sjer kóngsson, hvar dvergur- 20 inn Litur er sitjandi á einum steini skammt frá bardaganum, skaut hann nú af boga á blámenn svo ótt sem auga varð til rennt¹, hlupu nú í senn 10 örvar af strengjum hvört sinn og fjell maður fyrir hvörri ör; einninn sjá þeir gamm 25 einn kominn upp yfir, þar herinn stóð, fljúgandi, hann dreifði eitri úr sínu gini með eldflugum, svo blámenn fjellu mjög, en sumir urðu blindir

¹ tilreint *hdschr.*

og börðu þó með æði og afl; því þeir sáu lítt,
börðu þeir mest sína landa og liðsmenn, svo nú
fjellu blámenn *sem*¹ strá niður. Sem Surtur sjer
þetta, æðir hann mót Herraud og hefur nú upp
5 sína stöng; sjer kóngsson þetta, hleypur því í
loft, og kom hún á 3 blámenn, er nær stóðu,
og fengu allir bana; hljóp nú kóngsson að Surt
og hjó stöngina sundur við hendur honum, brá
Surtur sverði og meinar nú að kljúfa kóngsson
10 í tennur niður; hljóp nú Herraudur aptur í loft,
en sverðið kom í einn stofn, svo huldi báðar
eggjar; í þessu höggur kóngsson á vanga hans
og af honum alla vangafilluna, einninn eyra og
hálf skegg, skein nú í bera jaxla hans sem
15 eina² hamragjá; brast nú Surtur í jörð niður.
Sem Sámur bróðir hans sjer þetta, barði hann
með sinni kylfu, svo öllum stóð af ótti. Sem
Herraudur sjer þetta, mælti hann til Bósa³: Ef
þú ert svo mikill sem þú lætur, þá gakk þú á
20 móti þessum óvin, so hann ei yfirfalli oss alla,
annars flý þú og forða þjer. Bósi mælti og hló:
Gangi enginn þinna manna tæpilegar fram en
eg, máttu mig blaudan segja, og skaltu enn
sjá, hvörsu lítt eg hræðumst þessa merarsyni.
25 Ruddist nú Bósi um fast, svo allir viku frá,
þar til hann mætti Sám í miðjum her og mælti
til hans: Kom þú til móts við mig, þú hið leið-
asta grey allra kvikinda undir sólunni. Sem

¹ mit γδ; í αβ. ² ein α. ³ aus einem unerkennbaren Worte gebessert α.

Sámur heyrði slíkt, beit hann í skjöldinn og æðir nú mót Bósa. Mátti þar sjá mörg högg og stór af hvorutveggjum, þó hafði Bósi fullt í fangi að verjast þessu flagði. Hjó Bósi kylfuna sundur fyrir Sámu; greip hann sverðið og hjuggust 5 nú með æði. Nú skal fyrst segja af kóngssyni, að hann höggur nú hvörn að öðrum, hafandi í hvörju höggi X menn, rýfur nú alla fylking að merki og skýtur sínu spjóti framan í brjóst á Braskon merkismanni og út um bakið og fjell 10 hann dauður niður. Fjell nú niður merkið í gras og þorði enginn upp að grípa. Veit nú kóngsson ei fyr en eitt ljón hleypur að honum og sló sínum hala við hestinum, svo hann fjell flatur og bein brotnuðu, en kóngsson hraut langt 15 úr söðli til jarðar niður, var þó skjótt á fætur og gekk mót ljóninu; sló það af sjer hvört högg með halanum, svo Herraud var æ við falli búid. Varð nú kóngsson móður mjög að verjast þessum¹ óvætti, so hann var nær sem að þrotum kominn 20 af þeim stórum höggum ljónsins. En sem kóngsson er nú sem af mæði fallinn, kemur gammurinn, er þeir sáu í lopti vera um² daginn, og spjó svo miklu eitri yfir ljónið, að það tók allt sundur að brenna, en kóngsson greip sitt spjót og rak 25 í kjapt dýrsins, svo út gekk um hnakka, en gammurinn sló nú svo miklum eldi yfir ljónið, að það tók að brenna. Sjer Herraudur, að ljónið

¹ þessu *hdschr.* ² og *a.*

hverfur, en Surtur liggur; hyggur nú að leita Bósa, og sem hann kemur þar, er Bósi fallinn í ómegin, en einn hræðilegur dreki er þar skammt frá honum, gusandi úr sínu gini eitri¹ og loga, 5 svo allt tók að brenna, sem nærri var. Kemur nú Litur dvergur með kóngssyni og leggja til hans báðir samt, en drekin spjó eitri á kóngsson og fjell hann í óvit niður, og sló sínum sporði við dvergnum, svo hann fjell við, að hönd gekk 10 úr liði. Nú raknar Bósi við og sjer þetta; rekur Bósi sitt spjót í gin drekans, svo oddurinn gekk í hjarta, en drekin sló sínum vængjum við Bósa, svo hann fjell við. Í þessu kemur gammurinn og lýstur nú sínu krókaspjóti í hvört auga drekans, 15 [gangandi úr sínum ham², svo þetta varð bani drekans. Kom nú Bósi og Herraudur með kylfu og lömdu hann til dauða, urðu hans fjörbrot hræðileg; sáu menn drekann dauðan liggja, og sem þeir³ að hyggja, er Sámur þar, en enginn 20 dreki. Áttu þeir fóstbræður fögrum sigri að hrósa, var nú flest lið blámana⁴ fallið; ljét nú Herraudur kanna allan valinn og fundu dverginn lítt liðfæran⁵, því armur var úr liði. Kom nú dyrgja hans og kvað nú illa hafa til tekist, að dvergurinn 25 væri sem að dauða kominn; Litur bað hana ei um það hirða, því þeir bræður hafa líf látið. Kóngsson mælti: Verið vel til friðs, þið skuluð

¹ aus einem unleserlichen Worte gebessert u.

² gekk dyrgjan við þetta úr sínum ham γð. ³ þar hdschr. ⁴ bamanna hdschr. ⁵ littfæran hdschr.

fá aptur af mjer nógleg laun sem líkar, í gulli og öllu því, þið vilið til mæla, nú strax að skilnaði vorum, svo þið skuluð nóg hafa uppeldi fyrir ykkar ómegð í 4 ár, og þar að auki, þá eg er orðinn kóngur yfir Gautlandi, skal eg gefa 5 ykkur 3 kastala, þið skuluð þá alla ykkar æfi hafa og halda, einninn skulu þið eiga von á styrk og stoð af mjer, svo lengi sem þið lifið og með þurfið; hjer í mót skil eg mjer liðsemi ykkar beggja og vináttu, nær eg vil og með þarf. Sem 10 þau heyrðu þetta, hrinu þau upp með hlátri og fögnuði stórum og kváðu kóngsson afbragð allra manna, og hjetu honum 'alla vináttu sína og liðsemi, so lengi sem lifði og hann til mæla vildi.

VII. Eptir þetta ljet kóngsson taka allt her- 15 tang og eign þeirra bræðra, var það hið mesta ógrynni audæfa, svo enginn vissi þvílík ódæmi í einum stað saman komin. Gaf nú kóngsson dvergnum Lit og hans dyrgju svo mikið fje sem þeim líkaði, og skildu nú með vináttu. Ljet nú 20 kóngsson ferma sín skip af þessu mikla fje og audæfum, einninn tók kóngsson skip þeirra bræðra, sem voru 30 að tölu, en dreka þann stóra, sem Surtur hafði stýrt, hann tók kóngsson á sitt vald og kvaðst skyldi honum sjálfur stýra, en allt 25 fólk, sem eptir lifði, gekk á hönd kóngssyni; og láu þar 14 daga hina næstu. Einn dag gengu þeir Bósi og Herraudur á land og fundu Gyrðir, skiludu honum aptur gripum þeim, er hann áður ljed hafði, þakkandi honum sína liðsemi og ráð 30

öll; gaf kóngsson honum sæmilegar gjafir og skildu með kærleika. Gekk kóngsson til skipa sinna og kvað Bósi skyldi stýra sínum gamla dreka, er hann hafði fyrst af Gautlandi, stigu nú á skip
5 og leystu úr festun; var nú mjög liðið sumar að hausti, því vildi Herraudur heim halda til föður síns; var nú hvört segl sett við hún og hertur allur reiði¹, sigldu nú sem leið lá, og var þó hægur byr; hafði nú kóngsson 64 skip. Tók
10 nú veður að hvessa og gjörði nú storm mikinn, svo hvört skip hljóp af æði, en af því drekinn kóngssonar var mjög stór og byr ramur, gekk honum æ núnna en þeim smærri skipunum, so þau sleit öll á stuttum tíma frá honum, svo drekinn
15 var einn eptir. Gekk þessi stríði stormur 8 dægur, hleypti Herraud undir Elfarsker fyrir austan Noreg²; þau sker eru með hávum björgum. Ljet kóngsson þar atkeri kasta og láu þar 3 nætur. Nú skal segja af Bósa, að hann sigldi með allan skipastól kóngs-
20 sonar undir Vargey, hún liggur milli Hundingjaríkis og Hóhngarðaríkis; hjelt nú Bósi öllum sínum skipum í hlje við ey þessa og láu þar 2 daga, og sem veður minnkaði, sáu menn að skip láu skammt frá þeim, 15 að tölu, frjetti
25 Bósi, hvörir væri eður hvað höfðingi þeirra hjeti; þeir sögðu þetta vera Sjód son Hrólfs Gautakóns. En sein Bósi slíkt vissi, ljet hann leggja að skipunum og spurði, hvort Sjóður mætti heyra

¹ aus reiður hergestellt; hdschr. ² Noregi hdschr.

mál sitt. Maður stóð við siglu á drekanum og sagði það satt vera; þar kenndi Bósi Sjód vera. Bósi mælti: Vel hefur nú til borið, að við finnstum hjer, er þjer nú nær að ræna mig fje og lífi en kúga Brynþvara föður minn saklausan til fjár 5 og láta hann gjalda þess, sem hann ei gjórt hefur, værir þú þess maklegur fyrir hót þín og tillögur, að þú missir hjer líf þitt og allan auð, og nema þú heitir mjer bótum fyrir allt þetta, skaltu hjer makleg gjöld fyrir taka. Sjóður mælti: Ert þú 10 svo djarfur, Bósi, að þú leiðist bóta, þar þú veist, að þú ert dauðamaður og friðlaus niðungur, hvar þú ert á landi eður sjó, og fær þú öngvar batur, annað en gálgann, því hann er þjer áður fyrir búinn. Bósi reiddist við orð þessi og bað 15 leggja skjótt að skipum Sjóds, þjuggust nú hvorir eptir megni og sló nú í bardaga. En af því Bósi hafði meira lið, sneri inanfallinu á Sjód, allt þar til Bósi gekk á skip hans með sínum mönnum, og drap Bósi hvörn mann á skipinu allt aptur 20 að siglu og var þar, til hann mætti Sjód, skipti þar¹ öngvum orðum, að Bósi klauf hann að endilöngu; bauð Bósi öllum öðrum grið; lauk svo stríði. Tók Bósi öll skipin² á sitt vald og hjelt síðan burt og sigldi nú beinan vind til Gautlands, 25 allt þar til þeir sáu land, og bauð Bósi, að menn skyldu *bíða*³, til þess kóngsson kæmi. Var það nú allt að einni stundu, að Bósi mælti þetta,

¹ *hs. nur þ.* ² *skinn hdschr.* ³ *mit þγδ eingesetzt.*

litu menn af hafinu sigla eitt skip harla stórt, og sem það nálægðist, þá kendu þeir þetta Herrauð vera. Varð nú hinn mesti fagnaðarfundur með kóngssyni og mönnum hans; gekk nú Bósi 5 á fund Herrauðar, leggjandi höfuð í knje hans, þar eð hann sat við lypting og mælti: Högg þú, kóngsson, af höfuð mitt, og eig þú kvitt'. Herrauður spyr, hvörju slíkt gegndi. Bósi mælti: Eg hefi brotið á mót þjer og unnið á Sjóð, bróður 10 þínum. Kóngsson spurði, með hvörjum aðburðum slíkt skjeð hefði, en Bósi greindi allt, sem til gekk þeirra á milli. Kóngsson mælti og hló: Litill var mannskaði að Sjóð, og eig þú kvitt þetta, því skræða var hann, þó mjer skyldur 15 væri, og skauð í skiptum öllum, og mun þjer nógu þungt verða skaplyndi föður míns, þó eg gangi undan, en þó munu við halda til hafna, og mun eg finna kóng og leita um sættir, þó það lítið vinni, en bið þú á skipum, þar til eg 20 aptur kem. Bósi sagði so vera skyldi. Gekk kóngsson nú á land með 60 manna og ljetti ei² ferð, fyr en hann kemur í borg.

VIII. Gengur Herrauður nú í höllina og kvaddi nú kónginn föður sinn, sem og sína móður og 25 alla höfðingja. Kóngur tók því blíðlega, bjóðandi honum sæti næst sjer og segir kóngsson með sínum *mönnum*³ velkominn. Kóngsson mælti: Áður en eg þigg sæti, hlýt eg að inna yður, hvörsu Bósi,

¹ scil. það, was γδ für þú haben. ² j a. ³ mit βγδ eingesetzt.

hirðmaður vor, hefur nálægst¹ reiði þína, í því hann vann dauða Sjóð, syni yðar, við Vargey austur í rjettum vopnaviðskiptum; því bið eg yður að virða til meira vináttu Brynþvara jalls, föður hans, en maklegleik Bósa, einninn bænastað 5 minn, skal Bósi allt þetta með gulli og gersemum bæta, einninn með fylgi sínu og vináttu so lengi sem hann lifir, skal hann yður handgenginn, og allt hans góts standi til yðar náða í föstu og lausu. Og sem kóngur slíkt heyrði, gjörðist hann 10 reiður og mælti: Alla stund hefur mjer það í skapi búið, að Bósi mundi öngri gæfu stýra, því hann var áður útlagi² vor og dauðamaður, [og hjelst þú hann nógu lengi³ til skálkafara, hefur þjer þetta illa farið í fyrstu, en allravest síðast, 15 og gakk þú frá honum og bið mig aldrei meir náðar hans vegna, því þess er enginn kostur, hefði þjer og meiri sómi verið að hefna Sjóðs, þar sem þú vissir hann að vera son minn, en bróður þinn; skal gálginn vera laun hans. Sem 20 kóngsson þetta heyrði, mælti hann: Aldri mun eg frá Bósa ganga, heldur skal eg verja hann sem mitt eigið líf, so lengi sem eg⁴ föng til hefi, og öngvum þyrma, sem honum vill skaða gjöra, og ei yður sjálfum heldur en öðrum. Sem kóngur- 25 inn heyrði þetta, varð hann reiður og bað kóngsson ganga frá augum sjer, en skipaði skjótt að

¹ nú lægst *a.* ² útlagi *hdschr.* (*phonet. Schreibung*).

³ so mit $\beta(\gamma\delta)$; og þú nógu leingi hyllt hann *a.* ⁴ mit $\beta\gamma\delta$ *eingesetzt.*

láta blása í sitt horn, og bað sína menn strax við stríði búast. Bljes Mando í kóngsins lúður, so að heyrði í hina næstu staði; dreif nú að fjölmenni mikið. En kóngsson gekk skjótlega
5 til skeiða og innir Bósa allt af viðræðum þeirra kóngrs. Bað Herraður alla sína menn búast til stríðs; gekk nú kóngsson á land með fylktu liði og Bósi, en kóngur kom mót þeim af borg með mörg hundruð manna; tókst nú hið mesta mann-
10 fall. Kóngurinn var með megnum hljóðum og reið svo allan herinn í gegnum, hafði í hvörju höggi 12 eður 10, so aldri varð á hlje, hrökk allt fyrir honum; en þeir Bósi og Herraður drápu landsfólkið, svo undrum þótti gegna, en
15 fólkið fjell niður sem hris í skógi; en fólkið kom til kóngsins úr öllum áttum, svo lið Herraðar fjell svo ótt, að ei var eptir meir en 300 manna. Bauð kóngur að bera að þeim skjöldu og handtaka þá; fjell nú so lið, að ei var eptir meir,
20 en Herraður og Bósi; sneru nú saman bökum og vörðust svo, var ærið torsókt þeim að ná. Síðan kallaði kóngur og bað Mando blása sverð úr höndum þeirra; gekk Mando fram og bljes sverð úr hendi Bósa, so það f auk langt í skóginn;
25 drap Bósi 12 menn með hnefum; voru nú bornir að þeim Bósa og Herrað skildir og stór trje og þrengrt að þeim öllumegin, so þeir komu öngri vörn við og urðu handteknir; ljet kóngur binda þá og í varðhald setja; lauk svo stríði.
30 Reið kóngur í staðinn með sína menn og var nú

drukkin lystileg veisla, báðu allir herrar kónginn að náða Herraud, son sinn, en Bósa lífi svipta. Ljet kóngur ganga til myrkvastofunnar og taka Herraud og leiða hann fyrir sig; var nú svo gjört, leiddu nú kóngsson í höll. Kóngur mælti til hans 5 blíðlega: Nógu gjarnt var þjer í nauðum slíkum mjer mótstöðu veita, þigg þú líf af mjer og gjör ei optar. Kóngsson mælti: Með því móti Bósi fái grið og líf, annars ei; skal eg þeim öllum grimmelega gjalda, er honum mein vilja gjöra. 10 Kvað kóngur ei annað stöða en leiða hann til myrkvastofunnar, og sagði kóngur með reiði, að þeir skyldu báðir á hinum¹ hæsta gálga að morni hanga. Var nú Herraudur settur í stöck og þeir Bósi, en kóngur gekk til sængur og þeir allir, 15 er með honum voru; láu allir menn kóns í forstofunni, en kóngur svaf einn saman í sínum sal þar innar af, og var ei nema þil á milli.

IX. Þetta sama kvöld, sem kóngsson og Bósi voru fangaðir, kom Busla fóstura hans að máli 20 við jallinn Brynþvara og mælti: Þú far nú og hjálpa Bósa, syni þínum, sem nú er í fangelsi og fjötrum haldinn með Herraud kóngssyni. Brynþvari mælti: Til lítils kemur þjer kuklaradómur þinn, forneskja og tungukraptur, ef þú kannt ei 25 að hjálpa honum úr hættu þessari. Busla mælti: Aldri má mjer ver fara heldur en þjer, þar þú liggur nú heima sem hugblauð hormegða bikkja

¹ hinn *Hds.*



og bannsett þý. Var kelling mjög málóð og gekk burt síðan. Nú skal frá því segja, að Hrólfur kóngur vaknar um nóttina, þar hann liggur í sinni sæng, að hann heyrir, kona gengut
 5 inn í húsið; þykkir honum af henni eldur sindra og að öllu ill ásýndar; þessi mælti til hans: Hjer liggur þú, Hrólfur, Gauta kóngur, þig veit eg vera hrak allra manna á jörðunni af þinni allri breytni, af því þú vilt myrða og af dögum ráða
 10 þinn eiginn son, og munu allir segja þig hinn vesta níðing og fordæðufól, falsara fordæmdan og fúlasta gauð, leiðan lygara, sem löstum er bundinn, væri rjettast þjer kólnaði í kjapti¹, fyr en þinn flærðarsaman vilja hefðir í þessu, og eg
 15 syngi þjer Syrpuvers mitt gamla, og að gjörðri bæn þessari skaltu gásbjúgur gana víða. Sem kóngur heyrði orð þessi, reiddist hann og hugði að standa á fætur og lemja kellingu; sem hann hugði nú þetta að gjöra, var hann fastur í sænginni,
 20 so öngvan sinn lim mátti hann hræra. Síðan mælti hún²: Nema þú gefir Bósa líf og neitir ei bæn Herraudar, sonar þíns, skal það allt á þjer hrína, sem og mun fram segja. Kallaði kóngur nú á sína riddara, er sváfu í forstofunni og bað,
 25 þeir kæmi þangað, en það var sem ógjört, því enginn kunni að vakna. Síðan mælti hún: *allt það hið illa, sem eg kann að mæla³, bið eg á þjer hríni:*

¹ en hitnaði í helvízkri boru *add. γð* (*die zwei letzten Worte in Runen ð*). ² fehlt β. ³ eingesetzt mit γð.

Þú skalt ærast allmart ¹ dægur, einskis orka, hatur og hrakning mest ³ af mönnum,	og ólmur hlaupa en enginn þó bjarga, þó ² aldrei linni af hvörri kind lýða, so mein [ei linni ⁴ . 5
Það skal þín iðja, þar til ⁶ þrýtur allt þitt áform [svo að eynd sje	þó ⁵ þverri eigi, þína krapta, skal illa reynast ⁷ , óþrjótandi ⁸ .
Vilir þú á sjó sigla æðiboðar og ógnabylgjur, bresti [reiði skips ¹⁰ , svo þú útbyrðis [og þig þar illar kindur ¹²	með safnað manna, 10 að þjer hryni ⁹ so allt gangi úr lagi, en brotni stýri, [sökkevur í æginn ¹¹ aumlega kremi ¹³ . 15
Heill sje ¹⁴ horfin, [lán og listir en aptur í gjen ¹⁶ ánaud og ¹⁸ þrautir þar til þú springur, og aptur verður	hamingja og auður, og lukkau góða ¹⁵ , eynd og kvíði ¹⁷ , og ærin þína, þrjótur leiður, 20 að ösku og leiri.

1 allmörg β. 2svo γδ. 3 en mest þó γδ. 4 aldri
sjatni γδ. 5 svo γδ. 6 að add. γ. 7 takast γδ. 8 *fehlt* γδ.
9 dyni γδ. 10 skipreiði γδ. 11 í æginn sökkevur γδ.
12 illar kindur þig γδ. 13 kveli β. 14 þjer add. γδ.
15 *fehlt* γδ. 16 móti βγδ (*die Lesart von u ist natür-
lich ein Danismus*). 17 kuille αβ. 18 *fehlt* γδ.

Þá mælti kelling: Nema þú náðir Bósa og veitir Herrauð slíkt, sem hann bað, skal þetta á þjer hrína, og kjóstu hvort þú vilt; en kóngur þagði og bystist. Síðan mælti kelling: Ekki er 5 til góðs að gjöra við þig, og skal enn þylja meira:

Tröll taki þig	og töfranornir,
álfar og risar	effi ¹ þjer mæðu,
hamra ² hetjur	og hellirs gýgjur ³ ,
dvergar og draugar	þig dárlega hristi,
10 effi ⁴ þjer nauðir,	so aldrei bresti
[fyr en fúinn ert ⁵ ,	fýlu leiðari.
Ljón og drekar ⁶	þig lerki og meiði,
úlfar ⁷ og ylgjur ⁸	einninn líka,
björn og úlfaldi	búi þjer sneypu ⁹ ,
15 asni og hestur,	fill og forynjur,
[dimmar dróttir ¹⁰	og dofrar leiðir ¹¹ ,
allir árar	og Óðinn sjálfur,
[svo þú lendir ¹² í víti	loks um síðir;
heimvon sú	mun þjer [hæfa eiga ¹³ .

20 Nema þú gefir líf Bósa og neitir ei Herrauð syni þínum, skaltu þetta allt hljóta, eður viltu,

¹ affi γð. ² hamora α, hamrar ð. ³ gyðjur ð.
⁴ effist γð. ⁵ fyr en þú ert fúinn γð. ⁶ dvergar ð.
⁷ úlfur αβ, álfar ð. ⁸ þjer effi mæðu *add.* (*jedoch unterpungiert*) ð. ⁹ aus snædu *verbessert* ð. ¹⁰ dimmir dróttar αβ. ¹¹ ljón og dreki *add.* (*unterpungiert*) ð.
¹² Svo lendir þú ð. ¹³ hæfust vera γð.

eg þyli meira? En kóngur þagði og tók til að skjálfa; þá mælti kelling¹:

Allur skaltu drafna ²	[og aldrei þrífast ³ ,	
möðkum vella	[af vesta ⁴ grandí,	
augu þín blindast ⁵	og ⁶ aldrei þrífast ⁷ ,	5
hold þitt af beinum	hryni niður,	
og öll andstyggð þín ⁸	aldrei þverri.	
Haldast skal þetta,	en ⁹ hvörgi dvína,	
síð og árla	síðbundið ¹⁰ veri ¹¹	
við þig ávalt,	so verði ei á endi ¹² .	10

Síðan mælti hún: Vantar ei annað en enda-
hnút hænarinna; þá eg hef hann bundið, skal
þjer nokkuð hrífa. Var nú kóngur svo kominn,
að valla gat hann mælt, einninn tók að losna
hold hans frá beinum, so hann fann sig nær að 15
dauða kominn; þó mælti hann: Mjög em eg
beygður af kyngi þinni, so eg mun ganga að
þínum kostum og gjör mig heilan og skiljum
fljótt. Busla mælti og hló: Með því þú játtir
áður því, að Bósi fái grið, þá mun eg þig heilan 20
gjöra; en kóngur kvaðst því mundi heita, að Bósi
hjelldi lífi; þá mælti Busla, að það, hún hefði
mælt, skyldi kóngi ekkert grand gjöra, tók nú
eitt horn og bað hann drekka; sem hann drukkið

¹ mît γð eingesetzt. ² skjálfa γð. ³ einninn sundur drafna γð. ⁴ og mesta γð. ⁵ blindist γð. ⁶ svo γ. ⁷ þrífast γð. ⁸ þjer γð. ⁹ og γð. ¹⁰ síðbundið β. ¹¹ vera γð. ¹² endir γð.

hafði, þótti honum sjer öllum batna. Skildu með þetta; sofnaði kóngur fljótt, og sem hann hafði litla stund sofið, vaknaði hann og þóttist öngra meina kenna.

5 X. Að morni, sem kóngur vaknaði, ljet hann þing stefna um staðinn, eptir spyrjandi, hvað til skyldi gjöra við kóngsson og Bósa. Allir herrar báðu hann vægja Herrauð, syni sínum. Síðan ljet kóngur leiða Herrauð og Bósa fram á þingið
10 og mælti: Heldur varstu mjer móttæðlegur, son minn, þó mun eg þjer það kvitt gefa, vilir þú fyrst ganga til mín og friða beiða og náða. Herrauður mælti: Það mun mjer óvant og skal það ei spara. Gekk Herrauður og lagði höfuð í knje
15 föður sínum, biðjandi hann náða Bósa með mörgum fagurlegum orðum, en kóngur ljet því, að Bósi hjeldi lífi, og þó með því móti, að Bósi skyldi sækja gammsegg eitt, sem gulli er fegra, og færa mjer, so skal hann kominn í sætt við mig. Varð
20 nú kóngsson harla glaður. Gengu nú Bósi og Herrauður báðir samt og báðu kóng forláts og friðar áður gjörðra glæpa, varð nú hinn mesti fögnuður í borginni, og drukku nú fagnaðarveislu. Sat nú kóngsson heima þann vetur í góðum náðum,
25 en sem voraði, ljet kóngsson búa dreka sinn og vildi síðan í hernað halda. Stjeg Bósi á skip með kóngssyni, hafandi 300 manna, kvöddu kóng og ljetu í haf. Sigldu nú víða og kunni enginn skýra þeim, hvar gammseggið var, er Bósi var
30 eptir sendur. Herjuðu nú víða um sumarið og

fengu ærið mikið fje, en sem áleið sumarið, hjelt Herrauður undir Bjarmaland við eyðiskóg þann, er Myrkviskógur heitir. Þar ljét kóngsson búa um skip, en hann kvaðst mundi kanna land og Bósi, og bað nú sína menn bíða þar, til 7 dagar 5 væri liðnir, en þeir báðu hann fyrir sjá. Gekk nú Bósi og kóngsson á land og könnuðu landið víða mjög dag allan til kvölds, en er mjög húmaði, fundu þeir kotbæ einn í skóginum. Kóngsson drap á dyr. Maður kom út og spurði hvörir væri; 10 kóngsson kvaðst vera framandi maður, ættaður af Hólmgarðaríki. Síðan mælti kóngsson: Hvört er land þetta eður hvað heitir byggð eður bær þessi? Þessi maður kvað það vera Bjarmaland austara, en kot þetta heitir Bólstaður, en bóndi 15 Grímur. Kóngsson mælti: Seg þú bónda, að eg beiði hann greiða í nótt þessa. Bóndi stóð í kalldyrum og heyrði orð þeirra, gekk út og kvaddi þá og sagði greiða og gisting til reiðu. Gengu nú í bæinn með bónda til baðstofu. Hús- 20 freyja sat á palli og dóttir hennar, vinnukona og þræll. Kóngsson settist í bekk hjá bónda og Bósi. Bóndi spurði frjetta, en þeir sögðu honum sem sýndist, þó ei sem var. Einatt horfði dóttir bónda þangað sem kóngsson var, gáandi mjög að fríðleik 25 hans og öllum burðum, og mælti hljóðlega til vinnukonu: Aldri leit eg vænni mann, og ei mundi illt að sofa hjá honum, eður virðist þjer eigi það? Ambáttin sagði: Það væri gefandi gjald að sofa hjá slíkum einum. Felldu nú ræðuma. Síðan skip- 30

aði bóndi að búa til borðs; gekk nú húsfreyja
 og dóttir hennar að búa til borðs, bar dóttir bónda
 mat á borðið; og sem Bósi lítur hana, stje hann
 á fót hennar undir borðinu og tók að renna augum
 5 blíðlega og brosti við, og sem hún sá þetta, stje
 hún aptur á fót Bósa, brosti við og mælti ei neitt.
 En að máltíð endaðri gekk bóndi til sængur, en
 kóngsson og Bósi hvíldu í einni stafnsæng gegnt
 bónda, en dóttir¹ bónda utar frá föður sínum,
 10 en þræll og ambátt hvíldu við skáladyr; og er
 allt fólk er háttað og komið í svefn, mælti kóngs-
 son til Bósa: Hvörsu leist þjer á bóndadóttur²?
 Bósi mælti: Ærið vel, og mun eg skjótt finna
 hana að máli, lítist mjer hjer það óhætt. Kóngs-
 15 son mælti: Gjör sem þjer sýnist, og spyr þú
 margs, en seg fátt. Stóð nú Bósi á fætur mjög
 hljótt³ og gekk nú til þess að hann hitti á rúm
 bóndadóttur, háttaði síðan hjá henni og breiddi
 á sig klæði; hún mælti hljótt til hans: Ærið ertu
 20 djarfur, eður hvör bauð þjer hingað? Bósi mælti:
 Hvört veistu ei forlög þín, því er nú sú stund
 komin, að þú átt að missa meydóm þinn; en hún
 mælti: Ei kann eg það að skilja, hvörninn það
 muni takast, en Bósi mælti: Nú skaltu það fá
 25 að vita. Og sem Bósi hafði fullgjört sitt erindi
 við hana, sem þeim báðum líkaði, mælti hann:
 Hvað er nú títt í landi þessu, eður kanntu ei
 mjer neitt nýtt að frjetta? Þær þykja nú mestar

¹ dóttur *hdschr.* ² bóndadóttir *hs.* ³ *vor* hljótt
ein durchstrichenenes skjótt.

frjettir hjer, að burtu var tekin ein harla fögur
jonfrú frá Glæsirsvöllum, systir Goðmundar kóngrs,
sú Geirriður heitir; hún er allra kvenna fríðust,
so aldrei hefur henni fegri sjest, sem þeir sanna
munu, sem hana sjá, og veit enginn, hvað af henni 5
hefur orðið; hefur kóng Goðmundur heitið því að
gefa þeim hana, sem henni kynni aptur að ná, af
mennskum mönnum, en enginn kann neitt til
hennar að segja, hvorki vísindamenn, völvur nje
dvergar. Tveir bræður þjena Goðmundi kóngr, 10
þeir eru synir hertugans af Alexandria, heitir
annar Hárekur, en annar Hrærekur, mjög stoltir
og stórhugaðir, af tröllum komnir í aðra ætt, því
móðursystir¹ þeirra er blótgyðja á Bjarmalandi,
full töfra og hin mesta hamhleypa. Sagt er mjer, 15
að Hárekur hafi beðið Geirriðar, og af því þeir
voru af illum ættum komnir, vildi kóngurinn ei
gipta þeim sína systur², en eptir það hvarf hún
í burt, so enginn vissi hvað af henni varð; sumir
segja, að Hárekur hafi fengið af gyðjunni systur³ 20
sinni að stela á burt kóngrsdóttur⁴, og er mál
manna, að hún sje komin hjer á Bjarmaland og
geymd hjer hjá gyðjunni, þar til Hárekur hana
hingað sækir, því kóngurinn hefur heitið honum
henni eður hvörjum öðrum, sem henni ná kynni. 25
Bósi mælti: Eg þykist skilja, þú munir sjeð hafa
kóngrsdóttur⁵, að þú skýrir svo greinilega frá
henni, eður mun það langt til hofsins hjeðan,

¹ móðirsystir *hdschr.* ² systir *hdschr.* ³ systir
hdschr. ⁴ kóngrsdóttir *hdschr.* ⁵ kóngrsdóttir *hdschr.*

eður hvör vörn er þar fyrir? Bóndadóttir mælti: Ei er það langt hjeðan, en gyðjan er ærið galdrafull og 12 aðrar tröllkonur, er henni þjóna, er hvör annari verri; einninn er þar blótnaut eitt, 5 harla tryllt, og einn þræll, er það jafnan vaktar, illur og óeirinn, fullur grimmdar, einninn eru þar 12 jötnar aðrir, þeir verja garð hofsins; Blindur er¹ einn, so mikill sem hinir 11. Ærin gnótt² auðæfa er þar saman komin í hofinu, so enginn 10 veit slík ódæmi í einum stað. Bósi mælti: Er gyðjan af mannlegum krapti sigrandi? en hún sagði: Það er ómögulegt nokkrum manni í heiminum, því fjör hennar er í einu eggi og liggur á því gammur eður dreki í einum hellir og er hann 15 óvinnandi og aldrei sefur hann nema um sólar uppruna, eu þó ei lengur en roðmi sólar kemur á skýin; eru tvö eggín í hreiðri gammsins, annað er fjöregg gyðjunnar, nær það er brotið, blífur hún dauð, en annað eggíð er kóngsgersemi mikið 20 og er fegra gulli; fjöreggið er rautt sem blóð, en gammurinn er fær fyrir 100 riddorum, þó allir semn að honum gangi; er því gyðjan óvinnandi, so lengi sem gammurinn er ei yfir unninn. Bósi mælti: Ærið mart kauntu að skýra og fyrir fregn 25 þessa og sögu skal eg þín aptur vitja, fái eg unnið þraut mína, en hún kvaðst það gjarnan vilja. Gekk nú Bósi aptur í sæng til kóngssonar og innir honum allt sem nú farið hafði; sváfu

¹ heitir γδ, *darnach ist im Text blindur als nom. propr. aufgefasset.* ² gnógt *hdschr.*

nú af um nóttina. Að morni vildi kóngsson á burt ganga, kvaddi nú bónda og húsfreyju sem og dóttur¹ þeirra; kóngsson mælti við hana að skilnaði: Ef eg get leyst þá þraut, sem mjer er á hendi, skal Bósi þín aptur vitja og flytja þig 5 hjeðan til Gautlands, og þigg þú þennan hring til merkis af hendi mjer, en bóndadóttir tók við baugnum og kvaðst það gjarnan vilja. Gengu nú leið sína á skóginn og stefndu nú á landið þvert til austurs í gegnum þenna mikla skóg. 10

XI. Nú sem þeir hafa gengið þennan skóg, sjá þeir hvar einn hjargbúi er, mjög ljótur og stór, í einu rjóðri²; hann hafði milli handa sjer eina fagra jonfrú og vildi gilja hana, en hún grjet mjög og bar sig illa, og sem Herraður leit þetta, 15 mælti hann: Lát þú lausa þessa hina fríðu *mey*³, ella skaltu bæði missa líf og fje, en þussinn ólm-aðist við, greip sína stöng og vildi hefna á kóngssyni, en Herraður skaut spjóti af hönd og í brjóst honum, so hann fjekk bana; en mærin þakkaði 20 honum mörgum orðum þetta og bað hann heilan unnið hafa og sagði hann skyldi fylgja sjer til húsa föður síns, því hann mun inna yður laun fyrir þetta, því hann kann allt að smíða, sem maður girnist, og heldur einn stein skammt hjeðan. 25 Gengu nú sem leið lá, þar til þau hittu steininn. Maður kom út lágvaxinn og heilsaði dóttur sinni og spurði, hvör hana hefði frelsað úr hendi hjarg-

¹ dóttir *hdschr.* ² rodre *hdschr.* ³ *eingesetzt mit ßγð.*

búans, en hún sagði honum allt, sem til gekk. Varð nú dvergur harla glaður við þetta og mælti: Hvör laun vili þjer þiggja af mjer fyrir þennan góða? Kóngsson mælti: Ei er eg vanur að taka
5 fjemútur á affli mínu, heldur vil eg vís verða af þjer, hvar að er hinn mikli hellir, er gammurinn hefur sitt bæli, því mjer er þraut á hendi að ná eggi því, er hann á liggur. Dvergur mælti: Ei er það auðsókt, en þó mun eg nokkur ráð á
10 leggja með þjer, og skal ljá þjer einn rakka, sem undan þjer skal renna beint hjeðan til hellirsins, og er mikil gæfa, getir þú gamminn sigrað, því þá er í hendi þjer fjör blótgyðjunnar, því þar er í hofinu gull óþrjótandi og önnur dýrleg
15 gersemi allra handa, einninn ein jonfrú, aldrei hefur henni fegri fundist, það má heita rjettur hofmann, sem henni nær; hún ein þætti mjer hæfa þinni þryði. Kóngsson mælti: En hvörsu er hofið ramgjört, eður í hvörja átt er þess að leita?
20 Dvergurinn mælti: Allt skal rakkinn þetta kenna. Síðan gekk dvergur inn, en bað þá bíða, og sem hann kom út¹, mælti hann: Þigg hjer ein herklæði með sverði af mjer; hvör sem þau ber, hann skal ekkert járn bita, eldur nje eitur granda
25 mega, en sverðið bitur² flest, sem því er til höggvið. Kóngsson þakkaði þetta og kvaðst öngu launað geta, en dvergurinn sagði meir en fullu betalað; einninn kunni þjer það nokkuð á liggja,

¹ mit þryð; *fehlt a.* ² bití *a.*

sem mín liðsemd til stoði, þá kalla þú á mig, og skal nokkuð fyrir verða, en nafn mitt er Ljenarður¹; gangið fyrst til hellirsins og hagið² öllu, sem bóndadóttir hefur Bósa frá sagt; en kóngsson þakkaði allt þetta og kvöddu síðan. Gengu 5 nú leið eptir því, sem rakkinn undan rann, ljettu nú ei fyr en þeir komu að hellirnum; það var um sólar uppruna; gengu í hellir, en sjá þeir glöggt, hvar gammurinn liggur, hræðilegur ásýndar, en þeir sáu nú, að hann var í svefni; lögðu til hans 10 báðir samt undir vænginn, svo spjótin stóðu í hjarta, en þeir hlupu á stall einn í hellirnum. Nú vaknaði gammurinn með grimmlegum umbrotum og steyptist fram af sínu hreiðri og hugðu þeir, að hellirinn mundi um koll ganga eður ofan 15 hrynja. Sló nú gammurinn sínum væng til Bósa, so hann fjell í óvit niður; tók nú að draga af gamminum, so hann ljet nú líf, urðu hans fjörbrot næsta mikil. Eptir þetta unnið tók nú kóngsson fjöregg gyðjunnar og þótti nú mikið sinn hlutur 20 batna, einninn fann Bósi nú hið dýrlega og skæra gammsegg, hvört hann var eptir sendur. Tóku nú gull mikið úr hreiðri gammsins og lögðu síðan eld í hellirinn og brenndu á báli gamminn og allt það inni var. Gengu síðan á burt rjett til hofsins; 25 sjá þeir nú standa einn skiðgarð og við hliðið garðsins 12 jötna undrastóra, þó er einn af öllum mestur að sjá. Kóngsson bauð Bósa að ganga á

¹ Ljenarð *hdschr.* ² hægið (*phonet. Schreibung*) *hdschr.*

mót þessum mikla eður hinum 11, en Bósi kjöri að eiga leik við ellifu. Gengu nú saman, var nú kóngsson klæddur herklæðum, sem dvergur hafði gefið honum; stóð þeirra aðgangur lengi mjög, 5 lauk svo, að þeir fjellu allir saman. Í þessu bili heyra þeir öskur hræðilegt, síðan kemur að þeim þræll mjög ljótur, og honum fylgir blótnaut ærið grimmelegt; gekk nú kóngsson mót þrælnum, en Bósi skyldi eiga leik við nautið. Gekk nú kóngs- 10 son mót þrælnum og hjó af honum höndina hægri í axlarlið, þrællinn flýði skjótt undan til hofsins með hljóðum stórum, en sem nautið sjer þetta, ædir það að Bósa og hyggst að reka horn sín fyrir brjóst hans, en Bósi snaraði sverði og hljóp 15 mót því, greip sinni hendi um hvört horn og vatt því niður til jarðar og braut það úr hálsliði. Ganga síðan í garðinn, sjá þeir nú, að ærinn ys er í hofinu.

XII. En sem þrællinn kemur að hofinu, segir 20 hann gyðjunni allt hið sanna, að jötnarnir sjeu allir felldir og blótnautið, en sig til dauða særðan af hinum miklu mönnum, er þar væri. Við þessi tíðindi¹ verður gyðjan grimm og reið, og bað þær allar vopnast; er nú svo gjört. Sjá þeir, að 25 þær herklæðast allar nema gyðjan, hún tók sverð í hönd sjer, en í aðra pung; kóngsson mælti: Eg mun kalla á dverginn Ljenarð eptir lofan hans, so og á Lit, er okkur lið veitti, því eigi

¹ tíðundi *hd Schr.*

mun hjer spöruð kyngi og tröllómur við okkur af þessum hinum ljótu tröllkonum. Bósi sagði so mundi reynast; síðan mælti Herraudur: Nú vildi eg, að dvergarnir Litur og Ljenarður kæmi skjótt til liðs við mig eptir lofan sinni. Var nú ei langt 5 að bíða, áður en gyðjan kom út af hofinu og með henni 12 konur tröllum stærri¹, þær voru svartar sem bik, en bláar sem Hel, þó var gyðjan allra þeirra leiðust að ásýnd og öllum athöfnum. Gekk gyðjan mót kóngssyni, en hinar allar sóktu 10 í mót Bósa. Skal nú fyrst segja af viðskiptum kóngssonar og gyðjunnar. Brá hún sínu sverði og hjó allgrimmlega, so hann hörfaði á hæl við hvört hennar högg, en hann kom öngu höggi² á hana, því hún bar þau af sjer með affi, þar 15 með beit ei hið minnsta; en sem hún hristi belginn, er hún bar í sinni vinstri hendi, kom úr honum eldur og ódæmi með eitri og svælu, myrkri og þoku, svo enginn sá annan; sá nú kóngsson ei annað vísara en dauðann, tók því eggid og 20 snaraði því í enni hennar, en henni brá svo við, að hún rak upp hljóð so mikil, að allir hugðu, að fjöll mundu fram springa, og fjell með ógn þeirri og umbrotum stórum á jörð niður, en kóngsson fjell í óvit og raknaði við það, að Ljen- 25 arður³ dvergur var að dreypa á hann. Sjer kóngsson nú, að Bósi er að verjast tröllkonunum, er hann so sem af mæði fallinn, skundar því

¹ vorher líka[r] durchstrichen. ² über der Zeile; in d. Z. affi durchstrichen. ³ Ljenarð hdschr.

skjótt þangað og veitti þeim slög eptir magni, en dvergarnir báðir dreifðu eitri á tröllkonurnar, so þær fjellu allar. Voru þeir Herraudur og Bósi mjög móðir, ljetu sjer nú renna mæði. Þakkaði 5 nú kóngsson dvergnum sína liðveislu og gaf þeim gull og silfur, sem kjósa mundu, og skildu nú með vináttu. En sem þetta er allt búíð, ganga þeir nú í hofið, mátti þar sjá mikinn ríkdóm af gulli og gimsteinum. Sjer nú kóngsson hús eitt 10 lítið innar af hofinu, gengur nú þangað, þar sjer hann sitja eina jonfrú, aldri þóttist hann aðra sjeð hafa henni fegri. Kóngsson kvaddi hana og spyr að nafni, ætt og óðali, en hún sagði allt sem var, eptir spyrjandi síðan: Hvað hefur ollað 15 þeim ógnum og jarðskjálfta, er eg heyrnt hefi um stundir, en Herraudur sagði nú allt það og kvað, gyðjan væri dauð og allar þær henni þjónuðu, en hún gladdist nú mjög við þessa fregn og bað þá heila unnið hafa. Síðan mælti hún: Hvör er 20 þessi hinn voldugi herra, er við mig ræðir og mjer slíka sæmd veitt hefur, eður hvar haldið þjer land? En Herraudur innti henni satt af því öllu og mælti: Vili þjer, jonfrú, fylgja mjer heim til Gautlands, einninn þykist eg nokkuð hafa til 25 yðar unnið, óskandi því af yður, að þjer játist öngvum manni öðrum en mjer, þó með yðar ljúfum vilja. En kóngsdóttir mælti: So framt þessi hinn fagri yfirlitur fylgir þjer, sem mjer sýnist, þó mjer þyki ólíklegt, að nokkur maður skal 30 so friður vera, og sje satt allt, er þú hefir mjer

sagt um efni þín, er mjer fullkosta að eiga slíkan einn, þótt fjelaus væri. Tók nú kóngsson að brosa og mælti: Þjer skuluð vita, að eg em hvorki hellirströll, hambleya, nje bjargbúi. Tók nú kóngsdóttir gullbring af sinni hendi og bað 5 hann draga á sína hönd; steinnu var í hringnum með þeirri náttúru, að enginn kunni öðruvíis sjást en hann var skapaður, er hringinn bar. Horfði nú á kóngsson, hann dró hringinn á sína hönd, síðan mælti hún: Allt er satt um sagnir þínar, 10 og gef mjer þinn bring til merkis, að þú prettir mig ei í lofordum þínum, heldur sje tryggð og staðfesti bundin okkar á milli. Kóngsson segir so vera skyldi, gaf henni síðan gullbring af sinni hendi, og síðan valdi hann þá bestu dýrgripi, 15 er í hofinu voru, og tók nú byrði sína hvor. Herraður og Bósi hjeldu nú á burt, brenndu hofið og allt það, sem þar var saman komið, til kaldra kola, gengu síðan burt. Kóngsdóttir fylgdi þeim. Ljettu ei, fyr en kóngsson fann 20 aptur sína menn, er hann fyr við skildi; urðu þeir honum harla gládir. Ljet nú kóngsson leysa sín skip úr festum, og vildi nú heim halda til Gautlands. Sigldu nú þar til þeir tóku höfn við Gautland; gekk nú Herraður í borg með kóngs- 25 dóttur¹ og varð nú hinn mesti fagnaðarfundur með þeim feðgum. Innir nú kóngsson allt af sínum ferðum, þótti öllum þetta hin mesta frægð.

¹ kóngsdóttir *hdschr.*

Síðan afhenti Bósi kóngi gammseggið, kvað kóngur hann skyldi vera í sátt og vináttu sinni so lengi sem lifði. Var kóngsdóttir leidd fyrir kónginn, innir Herraður allt um hennar ætt og 5 óðal, og það hann hefur henni lofast; sagði kóngur þetta allt vel fallið, þó svo til gengi, og vildi nú búast við brúðkaupi.

XIII. Einn dag, áður brúðkaupið skyldi haldast, komu menn til hallar kóns, það voru bræður 10 drottningar, Dagfari og Náttfari, hirðmenn Haralds kóns hilditannar, og komu með boðskap þann og brjef, að Haraldur kóngur bað Hrólf, bróður¹ sinn, ljá sjer lið að verja land sitt við ófriði, því þeir bræður Úlfur svartí og Hrafn- 15 steinn voru komnir inn í Svíaríki með mikinn her, svo valla vissi á því tölu fyrir fjölda sakir, en orrustan skyldi vera á Iljuvöllum² í köldu Svíþjóð. En sem kóngur fjekk þessa fregn, kvaðst hann ei fær sökum elli, bað því Herraður, son 20 sinn, og Bósa þangað fara með allan sinn her. Ljet nú búa til stríðsfólk, sem var að tölu 1200³; skyldi kóngsdóttir bíða, þar til kóngsson aptur kæmi. Játaði Herraður ferðinni og kvaddi nú kónginn og sína festarmey, stjeg nú á skip, sem 25 og Bósi, einninn Mando meistari, með allan þennan fyr sagðan her, hafandi af Gautlandi 50 skip. Hjeldu nú sína leið og tóku höfn við

¹ bróðir *hdschr.* ² so *αβ*; Ylju- γδ. ³ *Bei der herrschenden Zahlenübertreibung dürfte 12000 (γδ) richtiger sein.*

Sviariki, mitt fyrir staðnum Asdon¹, þar er Haraldur hilditönn sat. Gekk nú Herrauður og Bósi á land; voru nú reistar búðir og búíð um, sem henta þótti. En sem kóngsson vill ganga til sængur í sínum tjöldum, sjá menn hans að sjer 5 ríða 15 menn, þó blóðuga alla, og svo hestana, sem þeir mundu úr bardaga hleypt hafa; einn þeirra var í öllum gullefum klæðum, so voru og hans reiðtygi. Þessir menn numu staðar við tjöld kóngssonar, eptir spyrjandi, hvör þeim 10 ætti að stýra. Herrauður sagði skjótt til sín og mælti: Hvaðan hafid þjer aðsókt, eður hvörsu gengur stríð? Hinn ungi maður mælti: Nafn mitt er Ingjaldur og em eg son Haralds kóngrs hilditannar, hleypti eg nú úr stríði við 15. mann, en 15 kóngurinn, faðir vor, er fallinn og allt hans lið² á Iljuvöllum fyrir þeim bræðrum Hrafnsteini og Úlfi svarta; en Herrauður sagði nú allt hið sanna, hvör hann væri, og það hann vildi honum lið veita; verður hann af þessu gláður og gekk nú 20 til búða með Herrauð, og tóku nú hvíld um nóttina. Strax sem dagaði, ljet Herrauður blása í sinn lúður og bað nú sína menn búast við stríði, voru allir menn senn þess fúsir. Gekk nú Herrauður fyrir liðinu allt þangað til tjöld 25 þeirra Hrafnsteins og Úlfs stóðu, síðan mælti Herrauður til þeirra bræðra: Nema þið bræður gefið ykkur á vald Ingjalds kóngssonar sem

¹ so αβ; Asslon γδ. ² so mit γδ; }klausur (!?)_αβ.

sakaðir' þrælar og stórbrotamenn, þeir eð öngva von eiga vægðar, þá býð eg ykkur bardaga, skulu þið skjótt gista gálgann, sem þið löngu áður hafið forþjenað. En sem þeir heyrðu slíkt, 5 sögðu þeir reiðuglega, að Herraður skyldi með sínum mönnum afláta. Þjuggust nú fljótt¹ til vígvallar með fylktu liði, sló nú strax í bardaga með stríðri eggjan, aðsókn og æðigangi af hvoru-tveggjum. Gekk Herraður og þeir Bósi fast 10 fram, hjuggu bæði stórt og tíðum hesta og² menn, en af því að lið þeirra Hrafnsteins og Úlfs var mjög sárt og lúið af því stóra stríði, sem þeir háð höfðu við Harald hilditönn, fjell það skjótt, 30 ei stóð eptir meir en 80 manna með 15 þeim Úlfi og Hrafnsteini. Hleypti nú Herraður mót Hrafnstein og rak sína stöng til hans, en Hrafnsteinu bar við flatan skjöldinn. Gekk nú Herraður fast á lagið, svo skjöldur rifnaði, og gekk broddurinn fyrir brjóstið og út um herðar, 20 slengdi nú Herraður Hrafnsteini á jörð, svo bein brotnuðu. Sem Úlfur sjer þetta, hleypti hann að Ingjalði og lagði til hans sinni stöng, svo kóngsson gekk aptur af sínum söðli, brá nú Úlfur sínu sverði og hjó tveim höndum til Ingjalds í hjálminn, 25 svo hann leið í ómegin; síðan mælti Úlfur: Ei skalt þú hjeðan af stýra Svíþjóð, og hugði nú annað högg að greiða. Þetta sjer Herraður og hleypti skjótt þangað, sem þeir eiga leik, og mælti:

¹ so mit γδ; salaðir αβ. ² og þjuggust add. α, og gengu add. γδ. ³ über der Zeile.

Þú hinn leiði ófögnuður skalt ei heldur sigri hrósa eður stýra Rússíaríki. Hjó nú Herraður til kóngrs, svo af tók höfuðið; lauk svo stríði. Voru öllum grið gefin þeim sem eptir stóðu; þakkaði nú kóngsson Ingjaldur Herrað mörgum orðum allan 5 þennan sigur og hreystiverk, ljet nú taka allt herfang og flytja í borg, var það ærið nikið fje; hjelt nú dýrlega veislu Herrað og Bósa sem og öllum höfðingjum; drakk Herraður þar 3 vikur hinar næstu. Leiddi Ingjaldur Herrað 10 út með sæmilegum gjöfum; skildu með kærleika; stje nú Herraður á skip með sínum mönnum og kvaddi kóngsson. Stýrðu nú í haf, sigldu nú leið rjetta þar til þeir sáu Gautland. Skal þar nú frá hverfa, en hins geta, sem við bar á Gaut- 15 landi, meðan kóngsson var í köldu Svíþjóð.

XIV. Nú skal þar til vikja, sem Goðmundur kóngur á Glæsirsvöllum stjórnar sínu ríki, þótti það mikil tíðindi, að horfin var jonfrúin, systir hans, á burt, svo enginn kunnir að finna hana 20 eður upp spyrja, þóttu það hin mestu tíðindi um Glæsirsvellisgrundir og Jötnaheina. Þjónuðu þeir bræður kónginum Goðmundi, sem vjer fyrri gátum, Hárekur og Hrærekur, hertugasynir af Alexandria. Eitt sinn mælti Hárekur við kónginn 25 Goðmund: Vili þjer, herra, lofa þeim yðar systur, sem hana gæti fundið eður upp spurt, so og aptur náð? Kóngur kvaðst því heita mundi, so framt það væri mennskur maður og hvorki hellirströll nje hambleypur, álfar eður risar. Eptir þetta 30

ljetu þeir bræður liði safna og þjuggu sín skip. Hjet Hárekur kónginum því, að koma aldrei fyr aptur á Glæsisvöllu, en hann hefði kóngsdóttur¹ fundið eður upp spurt. Hjeldu nú burt af Glæsis-
5 völlum og ljetu í haf. Þótti nú Hárek öll lukka heims í hendi sjer, því hann meinti nú að sækja Geirriði til Bjarmalands, er hann vissi geymda vera hjá gyðjunni systur² sinni. Ljettu ei, fyr en þeir tóku land mjög nær hofinu, og gengu nú
10 á land og fundu, hvar hofið hafði staðið, sjá þeir, það er allt að ösku brennt, so eigi stóð þar steinn yfir steini. Brá þeim bræðrum mjög illa við, undrandi þetta, að nokkur maður skyldi gyðjuna unnið hafa, og leituðu nú um skóginn
15 víða, ef þeir kynni nokkuð nýtt finna. Hittu mitt á bólstað Gríms, eptir spyrjandi hann, hvör hofið mundi brennt hafa. En bóndi mælti: Þeir munu gjört hafa þetta, sem lítt óttast ykkur bræður eður hræddir eru um hefndir: tveir menn
20 gistu hjer hjá mjer nú fyrir 8 vikum, kváðust vera af Hólmgarðaríki; aldri leit eg vænni og virðuglegri herra en annan þeirra, og voru hjer nótt eina, gengu að morni þvert yfir Myrkvaskóg til austurs, þóttist þræll minn sjá þá 3 nóttum
25 síðar, að þeir gengu aptur til skipa sinna og fylgdi þeim ein fögur jonfrú, og er mín gáta, þeir munu hafa gyðjuna sigrað, en hofið til ösku brennt. Hárekur³ mælti og kvað so mundi vera,

¹ kóngsdóttir *hdschr.* ² systir *hdschr.* ³ Hárek *hdschr.*

og mun þetta verið hafa Herraður, son Hrólfs kóngrs af Gautlandi, því hann er sagður afbragð manna fyrir vestan Eystrasalt að álitu og öllum burðum, og mun Bósi hinn sterki, hirðmaður hans, honum fylgt hafa til slíkrar illsku, og skulu vjer 5 skjótt á burt leita. Kvöddu nú bóndann Grím og gengu til skipa, sigldu nú sína leið til Alexandria, þar eð faðir þeirra var, og sögðu honum þessi tíðindi, hvörsu fallið var, og láðu nú hertugann ráð til leggja, að þeir kynni kóngrsdóttur¹ aptur 10 að ná. Var nú liði safnað um allt hertugans ríki og fengu þeir bræður 18000 vaskra stríðsmanna, hjeldu nú burt af Alexandria með 80 skip og ljettu ei sinni ferð, fyr en þeir tóku Gautland, mjög nær þar, eð Hrólfr kóngr sat. Sendi nú 15 Hárekur 12 menn til borgar; sá hjet Egill, er fyrir þeim var; gengu nú sendimenn í höll og kvöddu nú kóngr snjóllu máli; síðan mælti Egill: Tveir bræður eru hjer við land komnir, Hárekur og Hrærekur, hertugasynir af Alexandria, lætur 20 Hárekur þjer kunnugt, að hann býður þjer skjótt lausa að láta hina fríðu jungfrú Geirriði, systur² Godmundar kóngrs á Glæsisvöllum, er Herraður, son þinn, hefur hingað flutt, en vilir þú þetta ei, býður hann þjer til stríðs við sig³ strax að 25 morni. Kóngr mælti: Seg þú þínum herra, að engin von er til, hann fái kóngrsdóttur⁴, og hrædist eg lítt hans hót, og mun eg stríð halda,

¹ kóngrsdóttir *hdschr.* ² systir *hdschr.* ³ þig *hdschr.* ⁴ kóngrsdóttir *hdschr.*

em eg reiðubúinn strax að morgni honum að mæta, þó lið sje fátt hjá oss, og veri sá blauður, er bilar. Sendimenn gengu til tjalda og inntu þeim bræðrum svör kóngsins. Tóku nú hvíld og
5 náðir.

XV. Að morgni, sem lítt var ljóst, bjóst Hrólfur kóngur með öllu liði sínu út af staðnum mót þeim bræðrum, fjekk hann þó lítið lið til orrustu, því flest fólk var burt siglt með þeim Herrauð; 10 hafði hann 8000 manna. Komu þeir bræður mót honum frá búðum, sló nú í bardaga, so ei þurfti að bíða. Riðu þeir bræður í gegnum lið kóngsins, skýfðu niður bæði menn og hesta, so allt þótti undan hrökkva þeirra höggum, ruddu¹ alla fylking 15 Hrólfs kóngs að merki, síðan hjó Hrærekur þann, merki bar, sundur í miðju, so nú var búið við flóttu². Sem Hrólfur kóngur sjer þetta, setti hann hestinn á skeið allan herinn í gegnum, hafði hann optast í hvörju³ höggi 12 eður 14, rauf 20 nú alla fylking þvert að merki og að endilöngu, var nú enginn so traudur nje trylltur, að ei missti fjör. Mætti nú kóngur Egli merkismanni þeirra bræðra, klauf hann nú að endilöngu, og so hvörn að öðrum. Sem Hrærekur sjer þetta, hleypti 25 hann mót kóngi og hjó til hans báðum höndum og sneiddi af barðið hjálmsins. Hjó nú Hrólfur kóngur aptur til Hræreks í hjálminn og varð fyrir hinn sterki Adamassteinn egginni, og gekk

¹ riddu (oder eiddu?) *hdschr.* ² *eingesetzt mit ʒrð.*
³ hvorgi *hdschr.*

á sððulbogann, svo að¹ hestinn tók² sundur í bógum; hljóp Hrærekur úr sððli og kom standandi niður. Kóngur hjó nú annað högg til Hræreks í hjálminn, so hann leið í ómegin til jarðar niður. Þetta sjer Hárekur, reið nú að kóngi og hjó til 5 hans, en kóngur bar fyrir skjöldinn og lagði sinni stöng til Háreks, hóf hann nú úr sððli og slengdi honum til jarðar niður, so hann leið í óvit. Meðan kóngur er að þessu, kom aptan að kóngi Her-
mundur³ harðhaus; hann var úr liði þeirra bræðra, 10 stór og sterkur sem einn risi, hann var úr Jötnaheimum; þessi hjó til kóngsins og framan á hjálminn og af nefbjörgina og hest í bógum. Hljóp nú kóngur úr sððli og stefndi mitt að risanum, hjó til hans báðum höndum, svo sverðið 15 klauf hann allan að endilöngu og ofan í völl að hjöltum. Nú raknar Hárekur við og sjer þetta, að kóngur lýtur mjög eptir högginu, og lagði nú sínu sverði í kvið kóngsins undir brynjuna, so hann fjell dauður niður. Flúðu allir, sem eptir 20 voru af mönnum kóngs, til borgar, en þeir báðir bræður voru leikstirðir og lítt færir af viðskiptum kóngs, einninn mest lið þeirra fallið, svo ei stóð meir eptir en 400 af 18000. Gengu þeir bræður nú í borgina og tóku kóngsdóttur⁴, hvort henni 25 var það viljugt eður óviljugt, einninn ræntu þeir allan staðinn, tóku allt gull og silfur og dýrleg klæði, sem kóngur átt hafði, stigu nú á skip og

¹ og *hdschr.* ² *fehlt hdschr.* ³ Hermund *hdschr.*; Germundur ð. ⁴ kóngsdóttir *hdschr.*

lögðu í haf, og getur ei um þeirra ferð, fyr en þeir komu heim á Glæsisvöllu. Inntu Goðmundi þeirra ferð, allt sem til gekk; urðu nú frægir mjög af þessu. Síðan vildi Goðmundur kóngur
5 búast við brúðkaupi; var nú boðið mörgu stórmenni um allt Risaland, Grundir og Jötnaheima, einninn hertuganum af Alexandría, föður þeirra bræðra. Kom nú saman ótölulegur lýður með kónga, hertuga, greifa og jalla, so allir undrudust
10 þann mikla fjölda, múg og margmenni, er þar var saman komið, en borgin öll þótti skjálfa og þjóta af sætum söng ýmislegra hljóðfæra.

XVI. Nú skal þar til vikja, sem Herraudur og Bósi tóku hafnir við Gautland, gekk nú kóngsson á land með öllu liði sínu og til borgar, urðu
15 nú landsmenn honum harla glaðir og inntu nú kóngssyni allt hið sanna, hvað gjörst hafði, á meðan hann var á burtu, um fall kóngsins, föður hans, og það, kóngsdóttir var tekin burtu, einninn
20 allt ríki rænt og fólk niður fellt, en kóngsson brosti og mælti: Bæði var það, að faðir vor var hniginn að elli og hann mun hafa borinn verið ofurliði, og eiga allir eitt sinn að deyja; og fann nú ei meir á Herraud við þessi tíðindi en honum
25 væri gefnar dýrlegar krásir; bauð nú skjótt að kalla fyrir sig jallinn Brynþvara; kom jallinn fljótt á kóngssonar fund; síðan mælti Herraudur og spurði, hvað til ráða skyldi taka, en allir báðu kóngsson fyrir sjá, þó voru það ráð allra,
30 að liði væri safnað og kóngsson hjeldi með her

til Glæsisvalla, so hann mætti vinna aptur kóngsdóttur¹; en Herraudur þagði og mælti síðan: Ei mun oss þetta tjá, og eru mín fyrstu ráð, að eg skikka jallinn Brynþvara til landstjórnar, skulu allir menn honum hlýða og hans skipun, en eg ⁵ vil sjálfur úr landi halda með eitt skip og 60 manna; Bósi skal mjer fylgja, einninn Mando² meistari, munu vjer hafa þau ráð, sem oss sýnist og audið verður, en á meðan vjer erum á burtu, þá láti jallinn Brynþvari liði safna og dragi saman fólk ¹⁰ svo mikið, sem til kann að fást, einninn sendi hann til köldu Svíþjóðar og biði kóng Ingjald, frænda vorn, liðs og styrktar um Svíþjóð, Kúrland og Kaldbakssiðu³, og mun hann skjótt lið til láta. Endaði nú kóngsson mál sitt, vildu nú ¹⁵ allir þessu ráði fylgja; tók nú jallinn Brynþvari við landstjórn, en kóngsson ljet ferma sitt skip með gull og dýrleg klæði, kvaddi síðan jallinn og landsmenn, stjog nú á skip og sigldu nú í haf, sagði Mando leiðir allar. Komu nú síð að ²⁰ kvöldi einu við Risaland og lagði nú kóngsson skipi sínu undir björg nokkur, þar eð skógur huldi skip þeirra, og bað menn sína þar bíða, þar til hann aptur kæmi, og láta þá allt til reiðu og snúa fram stafni til hafs, en bryggja liggi á ²⁵ land, og vaki æ 4 menn við hvörn bryggjusporð; en Bósi og Mando meistari fylgi mjer. Herklæddist nú kóngsson og allir þeir, og báru nú silkiklæði⁴

¹ kóngsdóttir *hdschr.* ² Vor Mando *ein durchstrichen* H. ³ Kaldbakssiðu γδ. ⁴ herklæði α.

yfir herklæðum. Gekk nú kóngsson á land og þeir Bósi og Mando meistari. Síðan mælti kóngsson: Nú mun hjer brúðkaup drukkið, og skulu vjer ganga í höll án allrar hræðslu, eg mun segja
5 það, mjer sýnist, það skulu þið allt sanna og satt halda með mjer, en þó skulu þið fámálugir vera og láta, sem þið ei neitt skilið, en eg mun vera fyrir öllum svörum. Þeir kváðu svo vera skyldi. Gengu nú, þar til þeir komu í borgina,
10 og allt að *hallardyrum*¹, það Herraudur leyfis að ganga í höll, og fengnu leyfi gekk kóngsson í höllina og kvaddi Goðmund kóng snjöllu máli og höfðingja alla á caldaíska tungu. Stóð nú kóngsson fyrir miðju kóngrsins borði, en þeir
15 Bósi og Mando á miðju hallargólfinu, báru nú allir blóðrauð skallatsklæði gullofin með skínandi farva. Allir undruðust þessa ókenndu menn og þeirra prýði. Goðmundur kóngur mælti: Hvör er þessi hinn stolti og voldugi herra, er svo
20 gengur dristuglega inn á vorar náðir? Kóngsson mælti: Heiti mitt er Pjerus, son hins mikla Astronals hertuga, er nú stjórnar Caldearíki, hvör að er mestur herra að mínum dómi fyrir vestan Blálandshaf. Skulu þjer vita, að eg hefi siglt og
25 sókt um allan heiminn og athugað alla herra og höfðingja og þeirra prýði og herradæmi og herligheit, og öngva þá uppspurt, er oss þætti heidur og frami að þjóna, hefur þó þetta verið mín iðja

¹ so mit þýð; gengu þeir α.

og ástundan í næstu 6 ár; en nú sem eg kom í Ásiam austur, inntu allir menn oss, að Goðmundur kóngur á Glæsisvöllum væri mestur herra að ríkdæmi, höfðingskap og öllum burðum fyrir austan hafið, og fyrir það mikla lof, sem af yður 5 gengur nú um allan heiminn, fýsti mig að finna yður og líta yðar magt og ríkdóm, einninn þá miklu kappa, sem yður fylgja og þjóna, og því em eg kominn við land yðar með eitt skip og 300 manna, en mjer virðist ei neitt ofsagt vera 10 af yðar þryði, magt og herradæmi, sem eg nú sjálfur sje með mínum augum; því býð eg yður mig að þjóna alla æfi mína og gjörast yðar handgenginn þjenari, so lengi eg lifi, vitandi víst, að eg muni þar af nokkra giptu *öðlast*¹; er því 15 allt mitt ráð og efni komið á yðar náðir, en sje svo þetta ei yður girni, vil eg skjótt á burt sigla heim í Caldeam og öngvum herra meir þjóna, og bið eg yður gefa mjer svar hjer uppá, hvað yður sýnist. En kóngur horfði á þessa 20 menn og allir innan hallar, undrandi mjög vænleik kóngssonar; síðan mælti kóngur: Aldrei leit eg vænni mann en þig, og mun mjer *sæmd að slíkum þjenustumanni*² og skaltu með oss velkominn og þínir menn allir, og halt þú sæti hjá 25 mjer sjálfum; en Herraður kvaðst skyldi frammi standa og skenkja kóngi, en Bósi og Mando settust undir hið neðra borð. Stóð nú Herraður

¹ *eingesetzt aus β.* ² *fehlt α (nach mjer Zeilenschluss); eingesetzt aus β.*

fyrir kóngi og þjónaði það, til fjell. Sá nú kóngsdóttir Herraud og þekkti hann sem og Bósa, gladdist nú mjög í hjarta. Var nú lystilega drukkið, einninn ákaflega veitt; allir menn dáðust
 5 mjög að kóngssyni og hegðan hans, því hann sló ýmisleg hljóðfæri, sem þeir kunnu hvörgi nærri að komast. Leið nú dagur að kvöldi; síðan var kóngsdóttir leidd til sængur, skikkaði Goðmundur, að Pjerus skyldi hana til sængur leiða;
 10 var nú svo gjört með miklum sóma og hefðarhátt; sló nú Pjerus hljóðfæri og dró nú ei neitt af list sinni. Síðan var Hárekur *til sængur leiddur*¹ og það nú Pjerus skemmta sem hann kynni best; ljét kóngsson þetta ei til vanta, sló nú, þar til
 15 allir menn gengu á burt af svefnherberginu utan Herraudur einn. Sjer hann nú, að Hárekur er sofnaður, stingur hann því svefnþorni í hárið, en slökkur nú ljósið og tekur nú kóngsdóttur² úr sænginni, og setur hana³ á handlegg sinn
 20 vinstra, en hefur nú brugðið sverð í hægri hendi og gengur nú á burt; en sem hann kemur út af herberginu, finnur hann Mando og Bósa við dyr og biður Bósa slá herberginu í lás og ganga síðan eptir sjer með sverði nöktu, en Mando
 25 skyldi undan ganga og slökkva öll ljós. Sló nú Bósi í lás svefnherberginu, gengu nú allir sína leið, en Mando slökkti öll ljós; gengu nú allir út af höllinni með flýti stórum, en Hrærekur,

¹ aus þ eingesetzt, fehlt α. ² kóngsdóttir *hdschr.*
³ hann *hs.*

bróðir Háreks, gekk nú síðar úr höllinni og vildi nú ganga í hús það, bróðir hans svaf í, og sem hann kemur þar, finnur hann húsið læst og biður þá upp ljúka, sem inni voru, fjekk hann nú ekkert svar, hljóp nú svo á hurðina, að hún gekk af 5 hjörum; það nú bera ljós þangað, og sem ljós er komið, sjá þeir, Hárekur er í svefni, en kóngsdóttir burtu. Vildi nú Hrærekur vekja bróður sinn, og velti honum um í sænginni; datt nú burt svefnþorninn úr hári hans, og sem hann 10 vaknar, sjer hann glöggt þetta, að burt er horfin kóngsdóttir. Klæddist nú fljótt og það leita að Þjerus; er nú leitað um öll herbergi staðarins, og fann nú enginn Þjerus nje sveina hans. Eru nú sögð Goðmundi þessi tíðindi og öllum herrum, 15 var það allra manna gáta, að Þjerus mundi burt tekið hafa jonfrúna. Var nú ærinn þys og ys í staðnum, bauð kóngur mönnum að vopnast og leita að þessum ókenndu mönnum, vopnuðust þeir bræður með 800 manna; en nú var komin 20 myrk nótt. Goðmundur kóngur átti 12 jakthunda, er honum hafði gefið Álfhjedinn kóngur í Jötnaheimum, þeir voru ólmir mjög og ærið illir, vandir til að vera í stríði; hvör þeirra var vel fær, þó 8 menn í seum að honum sækti, einninn kunnu 25 þeir menn uppi að hafa¹ á sporum á nótt sem degi, nær sem þeim var það til skikkað. Ljet nú kóngur brynja rakkana og siga þeim fljótt í

¹ ha (*Zeilenschluss*) *hdschr.*

Bósa-Saga.

þá átt, er þeir meintu, þessir ókenndu menn mundi snúið hafa, en allur herinn stefndi eptir, sem mest mátti. Nú er að segja af þeim Herrauð og Bósa, að þeir verða skjótt við varir, að 5 hundarnir eru komnir nær þeim, einninn heyra þeir mannferðina með vopnaglam, hark og háreysti. Kóngsson mælti til Bósa: Gjör annaðhvort þú mætir þessum rökkum eður flý þú með kóngsdóttur¹. Bósi mælti: Gakk þú leið þína með 10 kóngsdóttur², en eg mun mæta rökkunum. Gekk nú kóngsson sem mest mátti hann, en hundarnir náðu nú Bósa og sóktu að honum með æði, en Bósi varðist þeim vel og vasklega, en Mando meistari fór nú og hristi belginn, er hann lengi 15 átt hafði, hvörn hann kallaði veðrabelg; kom úr honum svo mikil svartahríð með fjúki og frosti, fýlu og feiknum, að enginn sá annan. Er nú herinn kominn mjög nær Bósa og heyrðu nú æðigang rakkanna, er þeir voru að mæta Bósa; 20 eggjuðu þeir bræður her sinn með stórum hávaða og megnum hljóðum að³ ná rökkunum, en enginn kundi því við að koma, því hríðin var ærið myrk. Varð nú um síðir vatn eitt fyrir hernum, so þeir kunnu hvörgi fyrir það að komast; fóru nú margir 25 í kaf og lá við dauða, en Mando gekk þar til sem Bósi var að verjast rökkunum; dreifði Mando á þá eitri og eldi, so þeir tóku allir að brenna og niður að falla, en Bósi hjó þá og lagði, þar

¹ und ² kóngsdóttir *hulschr.* ³ og *handschr.*

til allir fjellu. Gengu sína leið til skips, en sem þeir höfðu litla stund gengið, kom Herrauður móti þeim; inntu þeir allt sem til gekk. Herrauður lofaði allt þetta, þakkandi þeim mörgum orðum sín hreystiverk; stigu á skip allir og undu nú 5 segl upp í skjótri svipan. Bar nú skjótt skip þeirra á haf út; fengu nú virktabyr¹ og hjeldu nú rjetta leið og tóku Gautland. Stje nú kóngsson á land og gekk nú í borg með öllu liði sínu; hitti nú jallinn Brynþvara, urðu nú allir gladdir 10 heimkomu hans og var nú skjótt búist við brúðkaupi, því Brynþvari hafði ærið lið saman dregið, einninn var þangað kominn kóng Ingjaldur² með 60 skip af Svíþjóð hinmi kóldu. Var nú brúðkaupið drukkíð með stórum pris og virðingu, 15 stóð það 3 vikur hinar næstu. Að því enduðu leiddi kóng Herrauður út alla höfðingja með sæmilegum gjöfum. Hatði nú á sjer sterk³ varðhöld nótt sem dag; liðu nú eun tímar fram, svo ekki bar til frjetta. 20

XVII. Nú skal segja af þeim á Risalandi, að þeir hurfu aptur með minnkun, nær Herrauður sigldi á burt, ljetu nú her saman draga um allt Risaland, Grundir og Geirrauðargarða, Jötnaheima og Alexandría. Hjelt nú kóng Goðmundur og þeir 25 bræður burt af Risalandi með 80 skip, ljettu ei ferð fyr en þeir tóku Gautland; gengu nú á land og reistu herbúðir, sváfu nú þá nótt í náðum.

¹ virtabir (*phonet. Schreibung*) *hdschr.* ² Ingjald *hdschr.* ³ sterka *hs.* (*varðhöld als fem. ?!*).

Áð morni sendi Goðmundur¹ kóngur boð, að kóngsdóttir væri laus látin; gengu 12 menn í borg. Sá hjet Áríus, sem fyrir var, vaskur riddari; hann var úr Jötnaheimum; þessi bað, að hann 5 mætti ganga og flytja mál sitt við Herraud. Gengu nú sendimenn í höllina og kvöddu kóngsson; Áríus mælti: Goðmundur kóngur af Glæsisvöllum hefur oss hingað sent, skal þjer kunnugt, að hann er hjer við land þitt kominn með 80 skip 10 og 20000 manna, og býður hann þjer, að þú lausa látir jonfrúna Geirriði, hans systur², er þú með leynd og öngum drengskap á burt tókst frá Glæsisvöllum; en vilir þú það eigi, býður hann þjer skjótt bardaga án allrar dvalar, en 15 auðsjeð er það, að ei hefur þú liðsafla mót þeim mikla her og köppum, er með oss eru, af Ríslandi og Jötnaheimum, heldur muntu skjótt sigraður verða og allt þitt ríki til ösku brennt. Herraudur mælti og hló: Ærið miklir eruð þjer í 20 orðum, en minni að reyna, og skrafar þú ekki úr oss dáð nje dug, þar þú ert líkari skauð og skitnum þrael en vöskum vildarmönnum, og seg þú Goðmundi kóngi, að systir hans hafi misst meydóm sinn, svo og skal hann missa líf og fjör, 25 vili eg ei betur gjöra, nema hann veiti þeim bræðrum öngvan styrk til móts og óvildar mjer; hef eg við þá bræður nógar sakir, og munu þeir það erindi hingað eiga, að gista hjer helju, og

¹ Goðmund *hdschr.* ² systir *handschr.*

flyttu þeim þessi mín orð, og leyn öngu af þessu. Árius mælti: Ef þú ert svo mikill að reyna, sem þú ert í orði, mun vor reisa meir til ógæfu en sigurs. Gekk Árius til tjalda og innir kóngi sem þeim bræðrum öll orð kóngssonar og kvað Herr- 5 auð lítt óttast hót þeirra bræðra og í öllu ókvíðinn vera um hefndir af þeim. Kvað kóngur þetta vera hina mestu smán og hofmóð, er kóngsson hafði fram sagt, bauð því öllum sínum mönnum vopnast og til orrustu halda, bjó nú allan herinn 10 til orrustu. Gengu nú af sínum tjöldum með fylktu liði; var Goðmundur¹ kóngur í annan arm fylkingar og Hárekur hertugason af Alexandría, en í annan arm hertugi af Alexandría og Hrærekur², son hans. Sá hjet Valvin³, sem merkið bar, hann 15 var af Risalandi, mikill og stór sem jötunn. Biðu nú búinir, en sem Herraauður sjer þetta, hjet hann blása í sinn lúður. Fjekk nú 12000 manna til stríðs með sjer, hjelt nú út af staðnum og kvaddi sína drottningu. Að skilnaði mælti hún til hans: 20 Eg bið þig, herra, að þú gefir líf Goðmundi kóngi, vorum bróður⁴, ef hann verður hjer sigr- auður, en Herraauður hjet henni góðu um það. Reið nú þar nær sem Goðmundur kóngur stóð búinn; bjó nú kóngsson lið sitt til aðgöngu og 25 var sjálfur í annan arm fylkingar og Ingjaldur kóngur af Svíþjóð hinni köldu, en í annan arm var Bósi hinn sterki og meistari Mando. Sigu

¹ Goðmund *hs.* ² Hrærek *hs.* ³ Galinn *ꝛð.*

⁴ bróðir *hdschr.*

fylkingar saman, gengu nú hvorir á aðra eptir
megni, varð nú hið mesta mannfall af hvorutveggja
liðinu. Riðu þeir bræður Hrærekur og Hárekur
mjög gegnum lið Herraudar og skífdu niður liðið
5 til beggja handa, svo allir hrukku frá, er á þeirra
leið voru, einninn Godmundur kóngur. Nú er að
segja af Bósa hinum sterka, að hann ríður fram,
hafði nú í hvörju höggi 12 menn, rauf nú fylking
allt að merki. Þetta sjer Valvin merkismaður,
10 ríður mót Bósa og leggur til hans, en Bósi bar
af sjer lagið¹ hreystilega og hjó í sundur spjótið
við hendur hans, hjó nú annað högg til Valvins
og klauf hann að endilöngu, og mælti: So skulu
fleiri stúta, eg sje glöggt, að hvorki hafi þjer
15 hug nje hreysti, þrótt eður þrek, heldur eru þjer
skauðir skógargeitum leiðari og ragari, og skulu
þið eiga erindi hingað á vorn fund, sem fæsta
skal eptir langa. Við þetta gekk Bósi so reið-
uglega fram, að allir tóku að óttast og viku af
20 leið hans, en Herraudur brosti og mælti til hans:
Eg mun ei iðrast nú þess, þó þjer eitt sinn lið
veitti móti kónginum föður vorum. Bósi mælti
til Herraudar: Það hugsaði eg, herra, forðum,
þá við fangnir vorum af föður þínum og í myrkva-
25 stofu settir, að eg skyldi eitthvört sinn sýna
yður, hvað geð til yðar hefi, og einninn líf mitt
með yður út gefa. Ruddi nú Bósi svo rúma götu
í gegnum liðið og drap hvörn sem til náði, svo

¹ lægið (*phonet. Schreib.*) *hdschr.*

valla mátti hestum fram ríða. Nú er að segja af Ingjalldi kóngi, að hann ríður mót Godmundi á Glæsisvöllum; hjó Godmundur hest Ingjalds í bógum sundur og annað högg í hjálminn, so hann leið í óvit. Þetta sjer Herraudur og ríður í mót 5 Godmund og mælti: Kom til móts við mig, mágur, og reynum með okkur. Godmundur¹ mælti reiduglega: Ei skaltu lengi hrósa þeim mægdum og skal mín systir sjá þig nú í kvöld dauðan, þó henni sýnist fagur. Hjó nú Godmundur² til Herr- 10 audar, en hann bar skjöldinn mót högginu og sakaði ei og mælti: Ei mun eg sverð mitt hafa við þig, og skaltu meir njóta systur³ þinnar en maklegleiks. Rak nú Herraudur sína burstöng til Godmundar, gekk nú í skjöld og í brynjuna, 15 fjekk nú kóngur sár mikið á síðuna, vó nú Herraudur kónginn úr söðli og snaradi honum til jarðar meir en 20 fet, so kóngur leið í ómegin. Bauð Herraudur mönnum sínum að taka hann og í fjötur færa; var nú kóng Godmundur⁴ hand- 20 tekinn og í fjötur færður og til borgar fluttur. Sem Hárekur sjer þetta, að Godmundur⁵ kóngur er tekinn, hleypti hann að Herraud og mælti: Þú skalt ei sigri hrósa áður fundi lýkur, og cinninn á eg þjer margfalda svívirðing að⁶ launa. 25 Herraudur mælti: Þú hinn leiði loddari skalt nú fá laun þín af mjer. Gramdist nú reiði með Herraud, er hann leit Hárek, því hann þóttist

¹ und ² Godmund *hdschr.* ³ systir *hdschr.*

⁴ und ⁵ Godmund *hdschr.* ⁶ *eingesetzt mit ß.*

nú kenna föðurbana sinn, og hjó nú til Háreks í hjálminn, svo Hárekur¹ kom öngri vörn við, svo hjálminn dró inn að höfðinu, so Hárekur² leið í ómegin; rak nú Herraður sitt spjót til
5 hans tveim höndum og snaraði honum úr söðli, svo bein brotnuðu. Nú er að inna af Bósa, að hann hefur eytt alla fylking í þann arm, mætir nú hertuganum af Alexandria, klauf hann nú í tennur niður. Þetta sjer Hrærekur, höggur nú
10 til Bósa og allan skjöld að endilöngu og hest í bógum; hljóp nú Bósi úr sínum söðli, hjó nú geysilega framan á hjálminn Hræreks og allt barðið af, einninn andlitið allt með höku og skeggi og báðar hendur í olbogabótum, og fjell
15 Hrærekur³ til jarðar dauður niður. Var nú lið mjög fallið, svo ei var eptir meir en 600 manna; bauð Herraður öllum grið, sem eptir stóðu, voru allir þess fúsir og gengu allir á hönd kóngssyni; lauk svo þessu stríði. Reið nú kóngsson
20 í borg og menn hans; gekk nú Herraður í höll og menn hans allir, ljet nú stofna veislu öllum⁴ sínum mönnum, þakkandi þeim frægð og fylgi, sjerdeilis Bósa, gaf nú öllum stórar gjafir, sjerhvörjum eptir sínum burðum. Gekk nú drottning
25 Geirríður í höllina og bað Herrað, að Goðmundur kóngur væri laus látinn, einninn hanu mætti ná vináttu við Herrað; kvæð kóngsson skje skyldi hennar beiðni. Var kóngur nú leystur og leiddur

¹ und ² Hárek *hdschr.* ³ Hrærek *hs.* ⁴ so mit γδ; og αβ.

í höll fyrir Herraud; síðan mælti Herraudur til Godmundar: Vert velkominn, mágur, og þigg þú grið, einninn sáttt og sæmd af mjer, vináttu mína og fóstbræðralag. Kóngur mælti og kvað gott að þiggja slík boð og kvaðst því hlýða mundi. 5 Var nú kóngur Godmundur settur í háseti næst Herraud, og drukkin lystileg veisla 3 daga hina næstu með mikilli virðingu, sæmd og sóma.

XVIII. Þessu næst sendi Herraudur Mando meistara til Bjarmalands að sækja dóttur¹ Gríms 10 bónda á Bólstað, einninn dvergana báða Ljenarð og Lit og Grím bónda á Bólstað með öllu sínu húsi og heimafólki. Sigldi nú Mando á burt af Gautlandi með eitt skip og vannst þessi ferð vel fram og aptur, kom nú með Grím bónda, 15 konu hans og dóttur², einninn með dvergana báða, konur þeirra og börn; gekk þetta hyski allt í borg og fagnaði Herraudur því öllu vel og blíðlega. Stefndi nú öllum herrum á Gautlandi og vildi nú halda brúðkaup Bósa hins sterka, og 20 kvað hann eiga skyldi bóndadóttur, þá er hann hitti í Bjarmalandsfyr. Var Bósi þess ærið tregur, þó með aðfylgi Herraudar og umtölum rjæðst það af; var síðan drukkin brúðkaupsveisla þeirra Bósa og bóndadóttur með hinni mestu heimsprýði, 25 makt og vellysting. Að því enduðu var Herraudur til kóngs tekinn af öllum herrum á Gautlandi, síðan krýndur, og játuðu allir landsmenn honum

¹ und ² dóttir *hdschr.*

hlýðni og hollustu. Gaf nú kóng Herraður Bósa ærið mikið fje og gjörði hann jall, einninn gaf hann dvergunum eptir lofan sinni þrjá kastala hvörjum þeirra, sem þeir hjeldu um alla æfi.

5 Voru nú allir höfðingjar út leiddir af kóngi með frekum fjegjöfum, síðan skildu þeir mágar Goðmundur og Herraður með vináttu og stórum kærleik. Sigldi Goðmundur heim á Glæsisvelli og settist þar að landi, en Herraður og Bósi

10 slitu aldrei vináttu sinni, svo lengi þeir lifðu. Stýrði Herraður Gautlandi til dauðadags og þótti einn vildasti herra á þeim dögum; hans son var Fábuxtus¹ hinn friðsæli, er síðan² stjórnaði Indíalandi hinu góða. Lýkur hjer þessari sögu³.

¹ Taluxtus γ, Tauluxtus δ. ² síðar *hdschr.* ³ Anno 1663 þann 19. Decembris *in a.*

Anhang.

I.

Eine apokryphe Buslubæn.

Fassung A.

(Pap.-Hs. im Besitze Dr. Jón Þorkelssons in Kph., 8o,
geschr. cca. 1870.)

Syrpuvers hið forna.

- | | |
|-------------------------|---------------------|
| 1. Nú skal til fornmæla | flest fram setja |
| og láta Óðins vín | þér aldr um skapa, |
| skal það hrifa | sem eg hóf fyrra, |
| og með syrpuversi | þér sauma að höfði. |
| 2. Hér bið eg Æsi | þér alla að ganga |
| og Ása bekki | alla að skipa, |
| svo þú með tryldum | töfra þingum |
| utan og innan | allur hertakist. |
| 3. Fylli nú flokk minn | Fjölnir og Feingur, |
| svo eg tautandi þig | trylli í rekkju; |
| Grímnir þig æri | og Gangleri |
| Þundur og Þrekkur | þér þrótt týni. |

11 fornmæla] *besser* formæla B. 12 Óðins vín]
kenning für Dichtkunst, s. Grøndals clavis poet.
14 sauma] *vrgl. vefja um höfuð, s. Möbius An Gl. s. v.*

- | | |
|---|---|
| <p>4. Beri þér Bölverkur
Svipall og Síðhöttur
Hroptr og Hnikar
Ými og Yggr</p> | <p>bráðar nauðir,
sútir auki,
heipt þér gjaldi,
ósk mína fylli.</p> |
| <p>5. Skal því hreifa
ristna
lyngfisk lagar
álags orð
með svo stinum
ergi, æði,
en hreysti, ef þú</p> | <p>hverskyns stafi,
og roðna í blóði
landingja,
augun hlaðna,
þér stöfum risti
og ópola,
hreint upp gefr.</p> |
| <p>6. Með eitriskuluþérhelrúnir
er Heiðrúnu vann
og úr hoddraupnis
er bjargi á stóð</p> | <p>Hropts að fljúga,
af Heiða legi
horni skíra,
með Brímnis eggjar.</p> |

52] \perp x fehlt. 53] *unverständlich; ich halte es für Verderbnis der Eddastelle, die in 51-3 nachgeahmt ist: Váru í horni — hvers kyns stafir — ristnir ok roðnir — ráða ek né máttak; — lyngfiskr langr — lands Haddingja (Guðr.-kv. II str. 231-6 Hild.). 54 augun hlaðna]? Þorkelsson conjicirt ergi hlaðin. 56] *vrgl. Skírn.-m. str. 36: ergi ok æði ok ópola. 57] doch Tapferkeit, wenn du dich ganz aufgibst, d. h. meinen Willen thust? 61 Með] fehlt. 61-3] vrgl. Sigrdr.-m. 136-10: þær [rúnar] um hugði Hroptr — af þeim legi — er lekit hafði — or hausi Heiðdraupnis — ok or horni Hoddrofnis. 64] *vrgl. íb. 141-2: Á bjargi stóð — með Brímis eggjar.***

7. Heyri hrímþursar, heyri jötnar,
 heyri syrpur saung minn, Syrpung heyri,
 Æsir heyri hvað eg formæli;
 fregni nú allir hvað eg fyrir mæli.
8. Komi hér seggir sex, seg þú mér nöfn
 þeirra,
 öll óbundin, og geri þér ósigr;
 getr þú ei ráðið svo mér rétt líki,
 þá skulu hundar þig í hel rífa,
 en sál þín sökva í Niflheim.

Nöfn þeirra sex:

Freyr, Fjölfnir, Feingur,
Fundur, Þrekkur, Þrásir.

Fassung B.

(AM 247 8^o, geschr. cca. 1850.)

Syrpuvers hið forna*.

Nú skal til formæla flest fram telja,
og láta Óðins kyn þér aldarúm skapa,

71] *vrgl.* Sk.-m. str. 341—2: Heyri iötnar, heyri hrímþursar. *Namenaufzählung*] lies Fundur für Fundur (mit B)? *Zur Sache vrgl.* Ísl. Þjóðsögur I 445.

* Die Fehler und Entstellungen des Textes (z. B. *aldarúm* für *aldr um* A) merke ich nicht besonders an, da sie sich beim Vergleiche mit A von selbst ergeben.

að eg tautandi þig trylli í rekkju,
eða úr Hödddrúpnis horni skýru,
er Hödddrúpnir vann af Heiðalegi,
er á bjargi stóð með Brimnis eggjar.
Skal því hreifa, er eg hóf fyrri,
og með syrpuversi þér sauma að höfði,
að þú með illum vættum
utan og innan allur herklæðist.
Komi hér seggur (*sic*) og seg mér nöfn þeirra.
öll óbundin,
getr þú ei rétt ráðið,
skulu hundar þig í hel rífa,
en sál þín sökkvi í Niflheim.

Að vitni

þeirra:	og	þeirra:
Freyr		Þundur
Feingur		Þekkur
Fjöltnir		Þrásir

Endir vessins.

II.

Aus den Bósa-Rímur.

A) Die Berserkerepisode.

Anschliessend an den letzten Satz des dritten Kapitels der Saga: *Þaðan sigldu þeir til Saxlandz ok herjuðu hvar sem þeir fóru; þeim varð gott til fjár ok fóru þeir svó V vetr*, der in den Rímur etwas weitläufiger ausgeführt wird, heisst es dann (Ríma II):

32. Til Serklands hjeldu sumarið eitt,
seggjum tókst sú ferðin greitt.
Þrjá tigi skeiða á þrútnum mar
þegnar litu í höfnum þar.
33. Kolsvört vóru kólgu flaustr,
köppum sýndist reiðinn traustr;
lýðrinn flestr á landi var,
leika frömdu garpar þar.
34. Lagði að einum leynivóg
lofðungs burr við nökkurn skóg,
buðlung tók þá hjartan geir
og Bósi, geingu á landið tveir.

35. Húsabæ þeir hitta á,
halr stóð úti og kvaddi þá:
„Veri-þjer hjer,“ kvað vella grer,
„velkomnir í nótt hjá mjer!“
36. Báðir þakka bónda það;
bragnar spyrja nafni að,
Klárús nefnist kaskur mann,
kappar áttu tal við hann.
37. Brosandi mælti Bósi þá:
„Bónði, skýr mjer nökkuð frá:
hvörr á skeiðr og skatna her,
er skemta sjer við landið hjer?“
38. „Það vil-eg gjöra,“ að þegninn kvað,
„ef þjer þikir nökkuð varða það:
flokkurinn þessi flögðum líkr,
formann þeira er yfrið ríkr.“
39. Surtur heitir seggrinn hnár,
seytján álna að vexti hár,
berserkligr og blár að sjá,
bíta hann eingi járnin á.
40. Þessi er garprinn þrýstiligr
af þussa kyni og yfrið digr;
geysiligr er grímnis kundr,
grenjar upp sem illskuhundr.
41. Mækir hans er mikill að sjá,
mældr er hann við faðma þrjá,
bítur alt sem brygði í snjó,
blönduð egg með eitri þó.

42. Fjórtán hefur hann fyrða þá,
er fúsir eru í stríð að gá,
belja upp sem bleyðan sú,
er bragnar hvelpum ræna nú.
43. Ótal hafa þeir annað lið,
ekki er gott að fást þar við,
fá menn allir feigðar spil,
sem flimta vilja þangað til.“
44. Herraud talar, í hjarta snar,
hvassan vigr í hendi bar:
„Eg æðrumst ei fyrir ógurlig hót,
eg skal ganga Surt á mót.“
45. Bósi talaði bóndann viðr:
„Blámenn hans skal-eg höggva niðr,
ei skal standa af öllum þeim
eptir einn, en eg hlýt seim.“
46. Bóndinn talar við bragna nú:
„Birti þjer með sannri trú
heitið ykkart hratt í stað,
eða hvaðan úr löndum eru þið að?“
47. Herraudr greinir heitið sitt
hjer með ætt og óðal frítt:
„Hringur konungr, hetjum skæðr,
herra sá fyrir Gautum ræðr.
48. Minn er faðir málma grer,
mundi stríða, ef væri hjer;
burgeis ríkur býr þar hjá,
Brynþvari heitir kappinn sá.

49. Arfa á sjer afreks-mann,
ýtar mega hjer líta hann:
Bósi heitir brodda grer
býsnasterkr og fylgir mjer.“
50. Bóndinn talaði beint í stað:
„Bósi, vil-eg þjer segja það,
Brynþvari þessi er bróðir minn,
buðlungs son kvað föðurinn þinn.
51. Bósi, vil eg þess biðja þig,
bróðir, gjörðu það fyrir mig:
reyndu aldri í randa þátt,
rekkinn, þig við trölla mátt!“
52. Báðir ansa bragnar þá:
„Með brandi skulu við hausa slá
hölda þá í hjálma storð
og hræðast aldri æðru orð.“
53. Klárús talar með kalda lund:
„Kanna munu þið dauða stund;
heimskan sigrar hölda mest,
heyja megu þið gamanið flest.“
54. Burtu frá-eg að bragnar gá;
bóndi stóð og horfði á
langa stund, sá laufa grer,
og lítur ofan í gaupnir sjer.
55. Klárús frá-eg að kallar hljótt:
„Komi þið báðir hingað skjótt!
eg vil, frændi, fara að sjá
og freista, hvörsu ganga má.“

56. Aptur frá-eg að ýtar gá,
afreksmaðrinn leiddi þá
báða inn í blíðligan rann,
brögnum sæti skipaði hann.
57. Setr hann nú fyrir seggi borð,
samið var það með orma storð;
dúkrinn var þar dýrligr hjá,
drjúgum fagr sem gull að sjá.
58. Þar var á borðum hjarnarslátr,
bóndinn var við gesti kátr;
kom þar innar krús svó fín,
kappar drukku skíra vín.
59. Köppum þjónar kvinnan ein,
Klárús átti menja rein,
virðulig og væn að sjá,
var þó hnigin að aldri þá.
60. Herraud spurði hringa grund:
„Hvörs er dóttir ágætt sprund?
af góðri ætt mun guðvefs hlín,
göfugur bóndi, hustrú þín!“
61. Klárús talaði kátr í stað:
„Konungsson, vil-eg þjer greina það:
Samarjón, er seggi gleðr,
sá var að vísu hennar feðr.
62. Kaupmann leingi kappinn var,
kurt og spekt af ýtum bar;
af löfðungs sonum landið þá
listugr keypti, það vil-eg tjá.

63. Blávús Jóni býta vann
 buðlungs veldi og orma rann;
 annar Viktor, vænn að sjá,
 vanr að kljúfa skjöldu blá.
64. Býtti hann þeim, sem bókin tjer,
 bliðr í móti odda grer
 ótal skipa og annað góts,
 ýta fjölda þar til móts.
65. Þó var eitt, af öllu bar,
 er öðling veitti köppum þar,
 kappa einn, að Kódjer hjet,
 kurt og snilli framda ljet.
66. Við uxum upp á einni tíð,
 ei var okkar æfin stríð,
 fekk eg unga falda ná;
 firðum hefi-eg þar greint ífrá.“
67. Ýtar drukku alt á nátt,
 ei bar þeim að tungu fátt,
 fóru síðan frægðar menn
 framm til náða allir senn.
68. Eptir grimu ýtar þeir
 árla vóru á fótum tveir.
 Klárús frá-eg að klæddist þá
 og kallar þessa ýta á:
69. „Báðir munuð,“ kvað brodda grer
 „brautargeingi að veita mjer.“
 Þessu játna þegnar greitt.
 Þeim var fylgt í húsið eitt.

70. Í húsi þessu höldar sjá
hirðslu stóra gólfi á;
bóndinn lauk upp beint í stað,
bragnar geingu þangað að.
71. Klæðið upp úr kistu tekr,
kappinn þetta í sundur rekr:
virðar litu vópnið eitt,
var það langt og furðu breitt.
72. Klárús segir við konungsson þá:
„Kappinn, þigg þú stálið blá,
bítur alt, sem birti-eg þjer,
það brestur ekki odda grer.
73. Falr og Sóti frömdu kif,
firðar mistu báðir líf:
Blávús og Viktor, buðlungs kundr,
með brandi þessum hjó í sundr.
74. Klæðið þetta Kódjer gaf
köppum þeim, eg greinda af;
grandar ekki galdrinn því,
garprinn, far þú klæðið í.“
75. Listar-maðrinn leitar enn,
líta þetta atreks-menn,
kylfu eina kappinn tók,
kalla má slíkt brögðin klók.
76. Greypstu stáli og göddum sett
görpum trú-eg hún leiki prett,
framm úr ruddu fleinninn stór
furðulangr og ekki sljór.

77. Gefr hann Bósa gadda slá,
garprinn ríkur mælti þá:
„Bilar hún ei við branda sker,
ef brestur ekki orkan þjer.
78. Högna* frá-eg að hjartað svall,
með henni frá-eg að Andra jall
barði í hel og bræðr hans þrjá:
betra handvópni mátti ei fá.
79. Skyrtu eina, skálma grer,
skjalda lundur, gef eg þjer:
Hjarranda son að hjúpinn þann
hreysti-maðrinn átti hann.
80. Þeim grandar ei hið greypta stál,
grimmligt eitur, frost nje bál,
í móðu öngri nje mætum sjá
mæðist sá, sem klæðið á, —“
81. — Bósi fór í bragða-serk,
búinn að vinna frægðar-verk —
„— virðum bið-eg at veita lið,
ef vaska rómu heyi þið.“
82. Bragnar þakka bónda þá,
bráðliga ofan til strandar gá;
einninn geingu afreksmenn
út á skeiður báðir senn.

* Högni, der Sohn Hjarrandis, tödtet mit einer von den Zwergen Kjalar und Frosti geschmiedeten Keule den Jarl Andri und dessen drei Brüder (Andra rimur).

83. Skatnar ruddu skipin í stað
skjótt og fluttu landi að
glamma essin; grjótið á
garpar báru hvörr sem má.
84. Alt var búið að afni dags,
það ýtar þurftu að hafa til slags;
gekk þá síðan göfug drótt
glafir og drukku framm á nótt.
85. Þegar að morni þeingils lið
og þegnar bjuggust rómu við.
Aðróðrinn var einkar-snar,
er ýtar veittu köppum þar.
86. Ræsis sonr til rómu greiðr
rekkrinn hafði átta skeiðr.
Taki nú óðinn tiggja skýr
tamið eð unga söðla dýr.

[*Ríma III str. 1—5 Mansöngur.*]

6. Hróðrinn fjell þar Herrauds menn
harðan róðrinn greiddu
að urnis liðinu allir senn
og illsku-fólkið meiddu.
7. Surtur spurði snart í stað
snúðugt þessa garpa:
„Hvaðan úr löndum hjeldu að,
er hefja upp rómu snarpa?“

8. Bósi ansar bráðr í lund,
búinn til fremdar-víga:
„Þig varðar ekki, hinn vónði hundr!
fyrir virðum skaltu hníga.“
9. Hilmir glotti og höfuðið sker
hart með orðum bráðum:
„Hvað skal börnum berja á mjer?
bernskur ertu í ráðum.“
10. Herraud þreif upp hrævar tein,
harðr að jeli ríta:
„Þussinn, líttu þegna mein,
þitt skal hann holdið slita!“
11. Dofri talar við dreingi enn
djarfr í ræðu sinni:
„Yðr skal-eg kreista alla senn
með annarri hendi minni.“
12. Þoldi ei Bósi þetta leingr,
þrífr upp kylfu langa,
höggid setti hreysti-dreingr
hart við urnis vanga.
13. Hrímnir talaði og hreysti sig
harður næsta í leikum:
„Hvað munu fuglar fella á mig?
eða fölnar laufið á eikum?“
14. Herraud frá-eg að hrímnir tjer
harðla fúss til víga:
„Annarhvörr skal okkar hjer
fyrir öðrum verða að hníga.“

15. Skrímnir bregður skjóma í stað
og skyggðan reiddi hneiti,
skildi vikur skjótt fyrir það
skjöldungs burr hinn teiti.
16. Skjóminn frá-eg að skjöldinn tögg
skjótt og brynju alla,
í klæði stóð það kynstru-högg,
en konungsson hlaut að falla.
17. Herrauð spratt af harðri grund
og höggr í urnis skalla:
vangann tók og vinstri mund
og varð hann niðr að falla.
18. Gott mun ei við garpa að klást,
gramsson mun það sanna:
í galtar líki gaurinn brást
og gjörði að neyta tanna.
19. Í bringu setti bölvaðar tenn
og býst hans hold að rífa,
klæðið tók við konungssonar; enn
kunni það honum að hlífa.
20. Kiknaði nökkuð konungsson viðr,
er kreysti hann garprinn vóni,
Herrauðs stóð þá herðar viðr
harðliga Klárús bóndi.
21. Studdi hann með sterkligt tak
stillis bur enn snjalla,
illsku-dýrið aptr á bak
fyrir ýtum varð að falla.

22. Herrauð þrífur brottann snart,
hræva teininn bjarta,
þundur lagði þegninn hart,
svó þegar stóð oddr í hjarta.
23. Lá þar þundur lítils virðr
lagður sverði í gegnum,
öðlingsson gekk yfrið stirðr
aptr að sínum þegnum.
24. Nú er að birta Bósa frá,
best mun þetta gegna,
frá-eg hann háði fleina þrá
við fjórtán illsku-þegna.
25. Bósi gjörðist bystr að sjá
beint að ljóða inni,
gaddar sukku, en garpar fá
glettu að ætlun minni.
26. Með ruddu frá-eg að randa grer
rekr í ýta skalla:
fyrir einu höggi ýtar tveir
optast urðu að falla.
27. Tvennir fimm að tráðu þar
trausta heljar binga,
býsna-móðr að Bósi var,
svó búíð var honum að springa.
28. Fjórir reiddu fránan geir
fullir vamma og klækja,
illskufullir ýtar þeir
ótt að Bósa sækja.

29. Falbuk hjet sá fyrir þeim var,
fránan brandinn reiddi,
brynju alla Bósa skar
og í burtu af honum sneiddi.
30. Skyrtan olli að skaðaði ei þá
skjalda lund hinn fríða;
Falbuk stakk hann fleini á
frá-eg að honum ríða.
31. Inn í brjóstið oddrinn smó
og út í gegnum herðar,
seggr af þessu sári dó
og svó fóru allar gerðar.
32. Geingu ei fyrri garpar frá
gladdir illsku-meingi,
að það fólkið eptir lá,
svó alt trú-eg dauðann feingi.
33. Skatnar feingu á skeiðum val
og skjótt til skipa vanda,
yfrið feingu aura tal
ýtar gullsins brenda.
34. Bundu síðan bræðra trú
bragnar þessir snjallir,
með vináttu skildu virðar nú
víst með sæmdum allir.
35. Klárús gáfu kappar þá
kurteis skip og reiða,
ýta fjöld og orma lá
og alt það hann kunni að beiða.

36. Bósi og Herraud bjuggu þá
báru ess á flóði;
venda skal nú virðum frá
og víkja aptr að Sjóði.

(Anschluss an die Saga Kap. 4: *Nú er þar til at
taka heima í Gautlandi . . .*).

B. Hrings Fall.

Der Stelle der Saga 3611—371: *söfnuðu þeir
nú liði bis léttu eigi fyrr en þeir
kvómu heim á Glæsisvöllu* entspricht die folgende
Schilderung in Ríma VIII:

30. Bræður fóru með brjóstið kalt
og brædda stafna,
láta þeir um landið alt
liðinu safna.

31. Skjöldungs her með skötnum gár
og skjómann snarpa,
tuttugu skeiðr og tel eg þrjár
með trausta garpa.

32. Til Gautlands hjeldu garpar hart
með geysi mestum,
ljetu þeir að landi snart
lægis hestum.

33. Konungi boð gjöra kappar þá
af kynstra-valdi,
buðlung sleppi bauga ná
eða bardaga haldi.

34. Hilmir gjörði að halda styr
og hraustr að stríða,
buðlung segir, að brögnum fyr
skulu benjar sviða.
35. Lofðungs tóku lúðrar hátt
um landið þjóta,
gramr fekk heldur garpa fátt
geiri að skjóta.
36. Buðlung fór þá bræðrum mót
og búinn til víga,
frá-eg þá margan fleina brjót
að foldu hníga.
37. Hilmir feldi hölda þrjá
í höggi einu,
einginn þurfti ýta sá
akta um skeinu.
38. Að hlýrum stefndi hringa lundr
og höggið greiddi,
merkismönnum mitt í sundr
mækir sneiddi.
39. Hrærekr veitti hilmi sár,
því hrukku gerðar,
inn í brjóstið odðrinn gár
og út um herðar.
40. Kurteisliga gekk konungr á lag,
er kendi hann skeinu,
hilmir veitti Hrærek slag
með höggi einu.

41. Skyrtu Högna skjóminn beit
og skjöldinn bæði,
brá hann sjer undan brynju þveit
og þudlungs æði.
 42. Hestrinn fekk svó hætta und,
því hlífar hrukku,
hjörinn niðr í harða grund
og hjöltin sukku.
 43. Dauðann frá-eg að dögling leiddi
af darra Njörði,
það var högg, að hilmir greiddi,
haft að orði.
 44. Dreingir tóku drákons völl
og dýrlig klæði,
höfðu með sjer hringa þöll
og hjeldu á græði.
 45. Byrina gaf vel brögnum þeim
beint með öllu,
garpar fluttu gullskorð heim
á Glæsisvöllu.
-

Namenverzeichnis.

Die Zahlen beziehen sich auf die Seiten; mehrmaliges Vorkommen eines Namens auf einer Seite wird nicht hervorgehoben; die Namen in der apokryphen Buslubæn sind nicht aufgenommen.

- | | |
|------------------------------------|--|
| Adamas-steinn 122. | Bósi 6—17. 19—24. 26—29. |
| Agnarr 5 (<i>vrgl.</i> IIL). | 31. 33. 34. 37—39. 42—44. |
| Áki 75. | 49—51. 53—56. 60—62. |
| Alexandria 107. 119. | 67 (<i>im Titel</i>). 77—100. |
| 121. 124. 131. 133. 136. | 102—109. 111—119. 121. |
| Álfhjeðinn 129. | 124—128. 130. 133. 134. |
| Andri jarl 152 (<i>vrgl.</i> | 136—138. 145—148. 152. |
| 152* u. LXIX). | 154. 156 — 158; <i>über</i> |
| Arius 132. 133. | Bögu-Bósi s. s. v.; <i>über</i> |
| Asdon (<i>var.</i> Asslon) 117. | den Titel Bósa-Saga s. |
| Asia 3. 127. | XXXVI. |
| Astronal 126. | Braskon 88. 91. |
| Austrvegr 11. 21. 42. | Brávellir 33. 36. |
| Bálagarðssiða 83. 85. | Brynhildr 5. 68—74. 76. |
| Bjarmaland 21. 25. 33. | 77 (<i>vrgl.</i> IIL*). |
| 35. 36. 49. 55. 61. 62. | Brynþvari 5 [<i>sonst in</i> |
| 105. 107. 120. 137. | ÁBS <i>blos</i> Þvari s. s. v.]; |
| Blálandshaf 126. | 68. 71—77. 82. 83. 95. |
| Bláus (Blávus) 68. 85. | 97. 99. 124. 125. 131. |
| 150. 151 (<i>vrgl.</i> LXIV ff.). | 147. 148. |
| Blindr 108. | Busla 6. 15. 16. 18—21. |
| Bólstaðr 105. 137 (<i>vrgl.</i> | 38. 43 <i>var.</i> 7. 58. 59. 63 |
| 120,16). | <i>var.</i> 8 (<i>sprichw., vrgl.</i> |
| Bósa-Saga. | XXI**). 77. 78. 99. 103. |

Buslubæn 15 (*vrgl.* 16,5).
20.

Bögu-Bósi (*nur die Stellen von A angeführt, über die Varianten vrgl. 10 var. 4) 6. 36. 59. 63 (srichw., vrgl. LXXVI und ib.*; über Kvenna-Bósi ib.)*).

C (*siehe auch* K).

Caldea 127.

Caldeariki 126.

Codus (*var.* Codrus) 68.
84. 85. Kódjer 150. 151
(*vrgl.* LXV).

Dagfari 4. 33. 34. 67. 116.

Danmörk 4. 8.

Drömbuð 46 (*zur Orthogr. s. var. 9*).

Ector (*var.* Hector) 84.

Edda 21. 52. 61 (*vrgl.*
S. L).

Egill 121. 122.

Elfarsker 11. 94.

Eystra-Gautland 3. 31.

Eystrasalt 121.

Fábuxtus (*var.* Talux-
tus) 138.

Falbuk 157.

Faldafeykir 46.

Falr 85. 151.

Freyja 46.

Gautar 16. 74. 75. 94.
100. 147.

Gauti 3.

Gautland 8. 9. 11. 33.
34. 36. 37. 42. 49. 54.
55. 67. 68. 70. 73—75.
77. 80. 86. 93—95. 109.
114—116. 119. 121. 124.
131. 137. 138. 158.

Gautrekr 3.

Geirrauðargarðar 131.

Geirriðr 107. 120. 121.
132. 136.

Glæsisvellir 21. 25. 31.
34. 36—38. 55. 62. 107.
119—121. 124. 125. 127.
132. 135. 138. 160 (*zur Flexion s. XL*).

Glæsisvellisgrundir
119.

Goðmundr 21. 25. 31.
34. 36. 37. 44. 45. 55.
62. 107. 119. 121. 124.
126—129. 131—133. 135
—138 (*vrgl. s. IL f*).

Grímr 105. 120. 131. 137.

Grundir 124. 131.

Gýgjarslag 46.

Gyrðir 83—86. 93 (*zur Flexion s. XL***).

Haraldr hilditönn 4.
33. 34. 67. 69. 75. 116
—118 (Haraldar) saga
(hilditannar) 34.

Hárekr 21. 25. 35. 45.
55. 56. 58. 59. 107. 119
—121. 123. 128. 129. 133
—136 (*vrgl. S. L*).

- Hel 113.
 Hermundr (*var.* Ger-
 mundr) 123.
 Herrauðr 4. 7—17. 19.
 20. 22. 27—29. 31—34.
 36—38. 42—44. 47. 49.
 54—59. 61. 62. 63 *var.* 8.
 67 (*im Titel*). 76—80.
 82. 83. 85—94. 96. 98—
 100. 102. 104. 105. 109.
 113—119. 121. 122. 124
 —128. 130—138. 147. 149.
 153—156. 158. *Lit.-hist.*
vgl. S. IVL f.; zur
Flexion s. S. XXXIII.
 IXL. VIII L*. 17 *zu*
Zeile 3.
 Hjarrandahljóð 46
 (*vgl. S. L.*).
 Hjarrandi 152.
 Hleiðr 25. 26. 31. 34—37.
 42. 62.
 Hóketill 22. 32. 35.
 Hólmgarðaríki 94. 105.
 120.
 Hrafnsteinn (*var.* Hrafn-
 kell) 67—69. 116—118.
 Hringr 3. 4. 14—16. 31. 33.
 36. 42. 147 (*vgl. III L*).
 Hrólfr 67. 70. 74. 75. 80.
 100. 116. 121. 122.
 Hrólfr Íra kóngur 67
 (*vgl. LX u. LXIX f.*).
 Hrærekr 21. 35. 42. 49.
 56. 59. 60. 107. 119. 121
 —123. 128. 129. 133. 134.
 136. 159.
 Hundingjaríki 94.
 Högni 152 (*S. 160 =*
„princeps“).
 Iljuvellir (*var.* Ylju-
 vellir) 116. 117.
 Indíaland 138.
 Ingibjörg 67.
 Ingjaldr 117—119. 125.
 131. 133. 135.
 Írar 67.
 Jómali (*var.* Jómanni,
 Jómanus) 25. 29. 30. 33.
 35 (*vgl. III L f.*).
 Jón (*s. auch* Samarjón)
 150.
 Jötnaheimar 119. 123.
 124. 129. 131. 132.
 K *siehe auch* C.
 Kaldbakssiða (*var.*
 Kallb.) 125.
 Klárús 146. 148—151.
 155. 157 (*vgl. s. LXVIII*).
 Kódjer *s. Codus.*
 Kolfrosta 25.
 Kúrland 125.
 Litr 86. 89. 92. 93. 112.
 113. 137.
 Ljenarðr 111—113. 137.
 Mando 68. 73—75. 98. 116.
 125—128. 130. 133. 137.
 Myrkviskógr 105. 120.
 Náttfari 4. 33. 34. 67. 116.
 Njörðr 160.


- Nóatún (*var. Nóagarð-*
ar) 5.
Norðlappen 69.
Norðrlönd 3. 4. 33. 81.
Noregr 94.
Óðinn 3. 46. 102.
Pjerus 126. 128. 129.
Ragnarr loðbrók 33. 63.
Rammslag 47.
Risaland 124. 125. 131
—133.
Rússia (*vrgl. das Druck-*
fehlerverzeichn. zu 67,2)
67—69. 73.
Rússiaríki 119.
Samarion (*s. auch Jón*)
149 (*vrgl. LXV*).
Sámr 84—87. 89—92.
Saxland 9.
Serkland 145.
Siggeirr 21. 35. 37. 42.
48. 57. 58.
Sigurðr (*der Harfen-*
spieler) 43. 44 (*vrgl.*
*S. L**); (= *Bósi*) 44—
46. 48.
Sigurðr hringr 63. Sig-
urðar hrings saga 33.
Sjóðr 4. 5. 7—13. 68. 76.
78. 80—82. 94—97. 158.
Skálkr 53.
Smálönd 4.
Smíðr 6. 38. 47—49. 54.
56—58.
Sniðill 57.
Sóti 85. 151.
Suðranaut 85 (*vrgl.*
LXVI).
Surtr 84—88. 90. 92. 93.
146. 147. 153.
Sviaríki 75. 116. 117.
Sviði hinn sókndjarfi 62
(*vrgl. LII f.*).
Sviþjóð 3. 118. 125.
Sviþjóð hin kalda 67. 69.
116. 119. 125. 131. 133.
Sylgja 4.
Syrpuvers 19. 100. 141 ff.
Sæfari 4.
Úlfr 68. 69. 73. 75. 116.
117.
Ungaría 67.
Valvin (*var. Galinn*)
133. 134.
Vargey 94. 97.
Victor 68. 85. 150. 151
(*vrgl. LXIV ff.*).
Vilmundr viðutan 62
(*vrgl. LII f.*).
Vindland 11.
Vínuskógr (*var. s. 21,*
var. 20) 21. 35.
Þóra borgarhjörtr 62.
Þórr 45.
Þvari 5. 6. 9—11. 15. 20.
56 (*s. auch Brynþvari*).
Æsir 45.

- Edda**, Vielgewandts Sprüche und Groas Zaubergesang. (Fiolvinnsmaal-Grougaldr.) Zwei norränische Gedichte der Saemunds-Edda, kritisch hergestellt, übersetzt und erklärt von Dr. Fr. W. Bergmann, Prof. der philos. Fakultät in Strassburg. 8°. III, 186 S. 1874. M. 4 50
- — Weggewohnts Lied (Vegtams-Kvida), Der Odins-Raben-Orakelsang (Hrafnagaldur Óðins) und der Seherin Voraussicht (Völur Spá). Drei eschatologische Gedichte der Saemunds-Edda, kritisch hergestellt, übersetzt und erklärt von Dr. Fr. W. Bergmann, Prof. an der Universität Strassburg. 8°. 320 S. 1875. M. 6 —
- — Rigs Sprüche (Rigs Mál) und das Hyndla-Lied (Hyndlu-Liód). Zwei socialethische Gedichte der Saemunds-Edda, kritisch hergestellt, übersetzt und erklärt von Dr. Friedrich Wilhelm Bergmann. 8°. XIX, 188 S. 1876. M. 4 —
- — Des Hehren Sprüche (Háva mál) und Altnordische Sprüche, Priameln und Rünenlehren. Ethische und magische Gedichte aus der Saemunds-Edda, kritisch übersetzt und erklärt von Dr. Fr. W. Bergmann. 8°. VIII, 267 S. 1877. M. 6 —
- — Allweise's Sprüche. Thryms - Sagelied, Hymis-Sagelied und Loki's Wortstreit (Alvissmal, Thrymskvida, Hymiskvida, Lokasenna). Vier Eddische Gedichte des Thór-Cyclus, kritisch hergestellt, übersetzt und erklärt von Dr. Fr. W. Bergmann. 8°. VIII, 304 S. 1878. M. 7 —
- — Die Eddagedichte der Nordischen Heldensage, kritisch hergestellt, übersetzt und erklärt von Prof. Dr. Fr. W. Bergmann. 8°. VIII, 384 S. 1879. M. 8 —
- Riddarasögur**. Parcevals Saga, Valvers thattr, Ivents Saga, Mirmanns Saga, zum ersten Mal herausgegeben und mit einer literarhistorischen Einleitung versehen von Dr. Eugen Kölbing. 8°. pp. LV u. 220. 1872. M. 7 —

Sammlung altnordischer romantischer Rittersagen aus dem Kopenhagener Codex: die drei ersten gehören dem Sagenkreise Königs Arthur und der Tafelrunde an; die vierte einem fränkischen Sagenkreise, der die Ausbreitung des Christentums in Frankreich feiert.

100

UNIVERSITY OF MICHIGAN



3 9015 02195 2638

Digitized by Google

